Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Ýmis dómsskjöl v. veiðirétt í Elliðaám 1849-1886

Aðfnr. 1355, örk 2


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Yfirrjettar-dómsgjörðir

í

málinu Sæmundur Sæmundsson

gegn

H. Th. A. Thomsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Justitiarius og Assessores
í
hinum konunglega yfirdómi á
Íslandi.

Kunngjöra: ár 1881 mánudaginn 17. október-mán. kl. 10 f.m. var hinn konunglegi yfirdómur settur og haldinn af hinum reglulegu dómendum. Var þá tekið fyrir málið № 19/1881 Sæmundur Sæmundsson

gegn

H. Th. A. Thomsen

Af hendi áfrýjanda mætti Prov. P. Jónsson; lagði hann fram № 1 stefnu, № 2 uppreisn, № 3 undirrjettar-dómsgjörðir og № 4 sókn með 3 fylgiskjölum a–c að № 4. № 3 fylgir dómsgjörðunum. Hin önnur framlögðu skjöl eru svohljóðandi:

№ 1.

Forseti og meðdómendur
í
hinum konunglega yfirdómi
á Íslandi

Gjöra kunnugt: að Sæmundur bóndi Sæmundsson á Elliðavatni hefur tjáð oss, hvernig hann, að fenginni konunglegri uppreisn, dagsettri 15. f.m., finni ástæðu til að áfrýja

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir yfirdóminum dóms aukarjettar
Kjósar og Gullbringusýslu, uppkveðnum
9. ágúst 1880, í máli milli kaupmanns
H. Th. A. Thomsens og hans útaf broti á laxa-
-kistum í Elliðaánum, m. m.

Því er nefndur dómur hefur dæmt rjett að vera:
"Hinn stefndi Sæmundur Sæmundsson
greiði stefnandanum H. Th. A. Thomsen skaða-
og kostnaðarbætur, að upphæð 144 kr. 62 aura;
enn fremur bætur fyrir rýrð á lánstrausti
(Tort og Creditspilde) eptir mati tveggja dóm-
-kvaddra óvilhallra manna, með helming
þeirrar upphæðar, er menn þeir meta, þó þann-
-ig, að öll sú upphæð eigi fari fram úr 1000
kr. – Svo greiði stefndi og málskostnað með
30 kr.
Dóminum að fullnægja innan 15
daga frá lögbirtingu hans undir aðför að
lögum",
ætlar áfrýjandinn fyrir yfirdóminum að
krefjast, að dómur þessi verði annað-
hvort dæmdur ómerkur með eður án heim-
-vísunar, eður úr gildi felldur þannig að
áfrýjandinn verði dæmdur sýkn af kær-
-um og kröfum hins stefnda, kaupmanns
H. Th. A. Thomsens, og hann skyldaður
til að greiða allan málskostnað m. m.

Því stefnist til að mæta fyrir oss
í hinum konunglega yfirdómi í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mánudaginn 17. oktober næstkom. á venju-
legum stað og stundu:

1. kaupmaður H. Th. A. Thomsen í Rey-
kjavík til að sjá skjöl í rjett lögð, máls-
útlistun og rjettarkröfur áfrýjanda að
heyra, til sakar að svara og dóm að með-
taka í því átt, er nú var á vikið, og til
hvers þess, sem löglega getur leitt af máli
þessu, allt eptir nánari málsútlistun
og rjettarkröfum sækjanda, og

2. sýslumaðurinn í Kjósar og Gullbringu-
sýslu til þess að verja dóm sinn og með-
ferð málsins að öllu leyti.

Lögdagur er afnuminn með tilsk. 3. júní 1796.
Dómsmálaskrifstofu yfirdómsins í Reykja-
vík 15. septbr. 1881.
Undir innsigli yfirdómsins og nafni
dómsmálaritarans.

(L. S.)
L. E. Sveinbjörnsson

Borgun: 83a - áttatíu
og þrír aurar borg.
L. E. Sv.

Mjer löglega birt
Kristján Jónsson.

Ár 1881 fimmtudaginn hinn 15. septbr.
höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnu-
vottar í Reykjavík birt framanritaða
yfirdómsstefnu Larsen L. verzlunarfull-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

-trúa hins stefnda H. Th. A. Thomsen, sem nú er fjarverandi, persónulega á verzl-unarhúsinu hans hjer í bænum, þar sem velnefndur Larsen L. veitir forstöðu verzlun hins stefnda.

Þetta vitnum við í krapti stefnuvottheiðs okkar með nöfnum og innsiglum.

Jón Borgfirðingur (L. S.) Þ. Jónsson (L. S.)

Borgun: 75 a. = sjötíu og fimm aurar borgað

J. Bf. Þ. J.

Lagt fram í yfirdóminum 17. október 1881
L. E. Sveinbjörnsson

No 2

Vi Christian den Niende
af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: at Vi, efter derom allerunderdanigst gjort Ansøgning og Begjæring, allernaadigst have bevilget og tilladt, saa og hermed bevilge og tillade, at

Sæmundur Sæmundsson, Bonde paa Elliðavatn maa paa behörige Steder til nærmere Paakjendelse lade indstævne en under Kjósar og Gullbringusyssels Extraord

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

den 9. August 1880 afsagt Dom, hvorved han er blevet dömt, til at betale til Kjöbmand H. Th. A. Thomsen i Reykjavik en Skades-erstatning af 144 Kr. 62 Öre foruden Erstatning for Tort og Creditspilde efter uvillige Mænds Skjön og Sagsomkostninger, og uagtet den Tid er forlöben, inden hvilken samme efter Loven burde have været indstævnet og paatalt. Dog skal Stævning udtages inden den i Vor Placat af 2den Juni 1819 § 2 foreskrevne Tid, og Sagen derefter tilbörligen og uden unfornödent Ophold forfölges, saafremt denne Vor allernaadigste Opreisning nogen Magt skal have.

Forbydende Alle og Enhver imod det, som foreskrevet staar, Hinder at gjöre.

Givet i Vor Kongelige Residentsstad Kjöbenhavn den 15. September 1881.

Under Vort Kongelige Segl.

(L. S.)

Efter Hans Kongelige Majestæts allernaadigste Befaling

P. M. V. Oddg. Stephensen

J. Ullergaard
Ass.

Opreisning for Sæmunder Sæmundsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

paa Ellidavatn til at appellere en den 9. August 1880 inden Kjósar og Gullbringu-dyssels Extraret afsagt Dom.

Betales med 18 Kroner 66 Øre.

Udleveret af Landshövdingen over Island Reykjavik den 15. Septbr. 1881.

Hilmar Finsen

Jón Jónsson

Lagt fram í yfirdóminum 17. Oktober 1881

L. E. Sveinbjörnsson

## No 4.

### Sókn i málinu:

Sæmundur Sæmundsson

gegn

Kaupmanni H. Th. A. Thomsen

Hjermeð hefi jeg þá om at leggja fram

1 kgl. uppreist til áfrýjunar hjeraðsrjettar-dómi 9. águst 1880, dags. 15. septbr. 1881;

2. Stefnu, dagsetta sama dag með birtingarvottorði;

3. Hjeraðsrjettar-dómsgjörðirnar.

Þegar jeg lít yfir mál þetta og meðferð þess við undirrjettinn, verð jeg að vera á því, að því hefði átt að frávísa sjálfkrafa af hálfu verjanda í hjeraði, eða manndómi minum að dæmast sýkn af ófrum málsatriða.

Málið er höfðað gegn 2 mönnum af 30, sem

allir – að ætlun hans –, eiga að hafa unnið að sama verknaði, eða vóru nær staddir, er hann fór fram, og alveg virðist jafn-samsekir í honum – verði hann að öðru leyti álitinn saknæmur –; þessir 2 menn eru bændurnir Sæmundur Sæmundsson á Elliðavatni og Kristinn Magnússon í Engey, báðir í Gullbringusýslu. Það er ekki nóg með það, að hinum (28) er alveg sleppt, og þeir látnir vera utan við mál þetta, í stað þess, að alla 30 hefði, eptir mínu áliti, borið að lögsækja sem eina heild, eða litis consortes, undir sama máli; heldur hefur sækjandanum í hjeraði þóknast að leggja í einelti og lögsækja hina 2 nefndu menn, eigi undir sama máli, heldur hvorn um sig, eptir sjerstakri kæru, sjerstakri stefnu; bæði málin hafa verið tekin fyrir og procederuð í sömu andránni, samhliða, sömu daga sókn og vörn beggja málsparta í báðum málum verið svo að segja orðrjett hin sama, og 2 samhljóða dómar hafa gengið yfir þeim báðum, og með þeim skipt svo sem að handa höfi og þó bróðurlega öllum skaðabótunum, málskostnaði m. m., til helminga, án þess neitt sje fram komið eða sannað um það, að hve miklu leyti þeir, hvor um sig, yfir–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

höfut hafi gjörst brotlegir gagnvart máls-
-aðila, og enn síður í hvaða tilutfalli (þið
meinta) brot hvors fyrir sig stóð gagnvart
hinum.

Mjer virðist nú liggja í augum uppi,
að hefði málssóknin verið höfðuð í einu
lagi gegn öllum 30, sem consortes litis,
mundu allir, að því leyti þeir áttu sama
varnarþing, með sama dómi hafa orðið
dæmdir til solídarisk ábyrgðar að öllu
leyti. En sje þetta rjett álitið, þá virðist
þaraf leiða, að úr því aðeins tveir þeirra
eru stefndir og ákærðir, þá hefði og borið
að lögsækja þá undir sama máli og dæma
þá til sömu ábyrgðar (solidarisk), eða þá að
hinsvegar hina tvo bar að álíta sem reos
incompetentes, - sem jeg með verjanda
fyrir undirrjetti verð að álíta að þeir
hafi verið, og þessari skoðun verð jeg að
halda fast fram, enda virðist einn hinn
merkasti lögfræðingur að aðhyllast hana.
Sjá Bidrag til den danske Civilproces af J.
O. Hansen, 1 Deel § 47, 2, c in fine (bls. 220)
og Nellemann, Civilproces alm. Deel bls. 249-
250. -

Jeg verð því fyrst og fremst að krefjast,
að undirrjettar dómurinn verði dæmd-
-ur ómerkur, eða, að maudant minn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

(mandantar míns) verði dæmdur alsýkn
af kröfum (seljanda) kaupmanns Thomsens.
En skyldi hinn háttvirti yfirdómur komast
til þeirrar niðurstöðu, að hvorki formal-
nje real- Exception mín, eptir áður sögðu,
geti orðið tekin til greina, skal jeg leyfa
mjer að koma fram með nokkrar athug-
asemdir um aðalefnið sjálft.
Saga málsins er eptir hinum framlögðu
rjettargjörðum í öllu verulegu þannig:
árið 1879, 25. júlí tóku að sögn 30 menn
sig saman um að ráðast á veiðivjelar,
þvergirðingar og laxakistur kaupmanns
H. Th. A. Thomsens í Elliðaánum, raska
þeim og taka upp, þar sem þeim fannst,
að nefndar veiðivjelar væru óheimilar
samkvæmt ítakalögunum 11. maí 1876,
og því alls eigi löghelgar. Meðal þessara
manna voru þeir áfrýjandinn, sem er
bóndi á Elliðavatni, og Kristinn bóndi
Magnússon í Engey. Það var nú ekki svo-
sem farið í launkofa með samtök
þessi eða framkvæmd þeirra, því með brjefi
5. júlí næst á undan höfðu þessir bændur
í Seltjarnarneshreppi farið þess á leit
við hreppsnefndina þar, að hún annað-
tveggja sjálf tæki upp þvergirðingarn-
ar, eða sæi um, að yfirvaldið ljeti gjöra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

það, og gjörði veiðiáhöld kaupmanns Thomsens upptæk, svo frjáls laxins og frjálsri göngu hans upp eptir ánni yrði borgið, og með bréfi 8. s. m. ritaði hreppsnefnd-in sýslumanni, og skoraði á hann fyrir manntalsþingsréttinum að skoða sjálf-ur og samfærast um ólöglegleik veiðivjel-anna, og skipa fyrir um, að þær þá þegar yrðu upp teknar; en með því nú að sýslu-maður, eptir að hann þó hafði komið á staðinn og sjeð veiðivjelarnar, munn-lega synjaði um að verða við áskoraninni, og vildi eigi gefa skriflegt svar, framkvæmdi hinn upphaflega nefndi flokkur manna verkið með því að ónýta þvergirðingarnar, taka upp laxakisturnar o. s. fr., og það um hábjartan dag. Og á[?]ti menn — jafnskjótt og verkinu er lokið, hlaupa mennirnir upp til handa og fóta sama daginn (25. júlí 1879) og kunngjöra landshöfðingja hvar komið var, biðjandi hann á sjer eptir-leiðis, að hann skerunni stigu fyrir hinni ólöglegu veiðiaðferð Thomsens. Svo munu þeir og hafa farið hins sama á leit við amtmann, en hvorugur þessara embættismanna mun hafa gefið skrif-legt svar. — Að svona hafi gengið til, munu eptirrit af hinum til útnefndr

bjefinu — þó þau enn sjeu óstaðfest — samu, jeg legg þau hjermeð til bráðabyrgða (brjef þessi eru, eins og áður segir: 1. bónda á Seltjarnarnesi til hreppsnefndar, 5/7 79, 2. hreppsnefndar til sýslumanns 8/7 79, og hinna 30 til landshöfðingja. 25/7 79).

Þetta er þá aflið úr sögu málsins — þessa óðædismáls, sem sumir hafa kallað —, og er hún stutt, en sannarlega einkennileg þegar litið er til, hve frjálslega og svo sem fyrir allra augum að verknaðurinn fór fram, allt í því örugga trausti þeirra, er við voru, og allir eru alþýðumenn, að landslögin og lögin frá 11. mai 1876 væri þeim nóg trygging fyrir, að atferli þeirra væri ósaknæmt og lögmætt, og svo get jeg heldur ekki stillt mig um í þessu sambandi að nefna endalok sögu máls þessa eigi síður einkennileg með því að benda á, að í hjeraðsrjettardóminum er alveg sleppt að fara einu einasta orði um, hvort tiltækið hafi verið saknæmt gagnvart löggjöfinni eða rjettindum nokkurs einstaks manns, en að annaðtveggja eða hvorttveggja hafi átt sjer stað, hygg jeg sje skilmálinn fyrir því, að áfellisdómur til sekta, skaða-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bóta, málskostnaðar, fái staðist, og það svo langt frá, að viðaukalög 11. maí 1876 alls eigi eru nefnd í dóminum, en það hlýtur þessvegna að liggja í augum uppi, að skilningur á þeim hlýtur að ráða úrslitum málsins.

Það verður þá þetta atriði, sem jeg verð að halda fast við: eptir viðaukalögunum 10/5 76 hefur enginn ábyrgð á, þó hann taki upp og ónýti ólöglegar veiðivjelar fyrir lax, það er jafnvel skorað á menn til þess; en að vjelar þessar hafi verið ólögmætar, sjest bezt á 7. gr. laga þessara samanborinni við hinar undanfarandi greinar og Jónsbók. 56. kapítula landsleigubálks. Nú hefur Thomsen, að því er upplýst virðist, undir málinu, með þvergirðingum sínum og öðrum veiðivjelum breytt þvert á móti hvorutveggja löggjöfinni, bæði Jónsbók og lögunum frá 1876, án þess að hafa fært rök að, að hann einn hafi annan eða meiri rjett við að styðjast í tilliti til afnota laxveiða í Elliðaánum en hver annar í vatnsföllum, sem renna um eða við land hans, en það er hinsvegar notoriskt, og virðist vera in confesso, að lax gangi lengra upp eptir, en lönd Thomsens ná; og eptir framansögðu vona jeg, að yfirdóm-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

-unum verði mjer samdóma um, að hjer eigi sje að ræða um neitt lagabrot af hálfu áfrýjanda og hinna annara, er að verkunum voru, heldur þvert á móti, og miklu fremur um hitt, að hann (Thomsen) hafi brotið lögin frá 11. maí með ólöglegum þvergirðingum sínum, og annari ólöglegri veiðiaðferð. En geti hinn háttvirti yfirdómur eigi fallist á þessa skoðun mína, skal jeg um hvert einstakt atriði málsins leyfa mjer fáeinar athugasemdir.

Þess skal þá fyrst getið, að það er alls eigi sannað gegn neinum áfrýjanda, að hann hafi verið fyrirliði eða fremstur í flokki þeirra, er að verkinu unnu, eða lagt hönd á það, heldur aðeins sem passiv áhorfandi, en að vísu eigi letjandi, þar sem hann eptir áður sögðu eigi gat álitið athöfnina saknæma.

Þarnæst verð jeg að skírskota til varnarskjalsins í hjeraði (akt. bls. 19), þar sem rætt er um skemmdir, er átt hafa að finnast á veiðigörðum og laxakistunum daginn eptir, að þær voru uppteknar, því vel má vera, að einhver kunni að hafa skemmt þær frá því deginum áður, og það, ef til vill, í blóra við þá, sem að verkinu voru (hinn 25. júlí) — að jeg ekki tali um, að kisturnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sjálfsagt eigi hafa verið í sem bestu standi fyrir upplökuna, en ásigkomulag þeirra þá hefur eigi verið og getur eigi orðið Constaterað – og skal jeg hjervið endurtaka það, sem í sama skjali (bls. 18) er sagt um hina til sitnundu skoðunargjörð, að hana verður að álita sem Nullitet, með því umbodsmanni mínum eigi var stefnt til að vera við þegar hún fór fram (D. & N.L. 1-4-1); og verð jeg því alveg að mótmæla þessari skaðabótakröfu, að upphæð 40 kr. 50 a.

Þá er nú varðkostnaðarkrafan, 60 kr. 80 a., og er þar við fyrst að athuga, að varðdagarnir geta eigi talist nema 37 (26. júlí til 31. ág.), því vörð mun eigi hafa þurft 25. júlí! En hvað sem því líður, þá er það með öllu ósannað, að vökumenn hafi verið settir við árnar og sjerstaklega til verndar veiði Thomsens og veiðigögnum hans hinum umrædda línu, og að minnsta kosti eigi öðruvísi, en áður verknaðurinn, sem hjer er umtalsefni, fór fram, og neita jeg, að þessi krafa verði tekin til greina.

Um skaðabætur fyrir veiðimissir dagana 25., 26. og 27. júlí, þá er veiðin hindraðist, að upphæð 43 kr. 32 a. er líkt að segja og um málið á aðgjörð veiðiáhaldanna (sjá að ofan), sem sje það, að laxveiðibók

Kaupmanns Thomsens eigi getur haft hit minnsta sönnunarafl; og með því at eigi mun auðið at sanna, hvort nokk-ud, eða hvað veiðst hafi hina tilsvarandi daga 2 árin á undan (1877 og 1878), þá mótmæli jeg algjörlega, at haft verði tillit til slíkrar kröfu, sem öldungis er tekin úr lausu lopti; enda hefur bókin aðeins verið færð um þessi 2 ár, og hefði Thomsen alls heldur átt at leggja til grundvall-ar fyrir kröfu sinni veiðina síðara árið (1878), en bæði saman, fyrst hann eigi gat fengið meðaltal fyrir lengra árabil; og at síðustu verð jeg at taka upp aptur það, sem sagt er í áðurnefndu varnar-skjali (bls. 20), og verjandi hefur eptir seljanda sjálfum, at „þráfaldlega„ liði dagar, sem enginn lax veiðist, eins og ekkert heldur kom hina um getnu 3 daga (25., 26. og 27. júlí 1879) í þá kistuna, sem ó-snert var og óuppitekin.

Þá kemur loksins stóra stykkið, krafa mótpartsins um ekki minna en 500 krónur fyrir „Tort og Creditspilde„, en jeg skal vera fáorður um hana; einungis skal jeg — með skýrskotun at öðru leyti til þess, er jeg upphaflega hefi tekið fram og til varnarskjalanna í hjeraði — geta þess, at mótpartur minn hefur eigi á neinn veg gjört það sennilegt, at slík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Grafa geti orðið byggt á verknaði áfrýjanda 25. júlí 1879, sem eigi hefur sannast að verið hafi annar en sá, að hann var nærstaddur, og reyndi eigi til að afstýra honum; eins og það einnig virðist fullljett, að hann einn – auk Kristinns Magnússonar – verði látinn sæta ábyrgð fyrir verk annara (hinna 28) – ef það að öðru leyti verður álitið saknæmt – og verð jeg enn að halda þeirri skoðun, að hann sje venus incompetens; mótmæli því gjörsamlega lögmæti kröfunnar og sjerstaklega upphæð hennar, sem alveg er þannig sett af handahófi og beina hefði átt að öllum hluttakendum.

Að svo mæltu leyfi jeg mjer að krefjast:
Að undirrjettardóminum verði dæmdur ómerkur, eða að mandantinum verði dæmdur alsýkn af dómum og kröfum kaupmanns Thomsens, og hann skyldaður til að borga allan af málinu löglega leitandi kostnað fyrir báðum rjettum með einhverju nægilegu. Fel jeg svo málið yfirdóminum til úrlausnar, geymandi mjer rjett til andsvara, ef þurfa þykir.

Reykjavík 17. október 1881.
J. Jónsson

Til
Hins kgl. yfirdóms í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lagt fram í yfirdóminum 17. oktober 1881.
L. E. Sveinbjörnsson

a ad No 4.

Svo er mál með vexti, eins og yður, herra landshöfðingi, er kunnugt, að síðan lögin um friðun á laxi dags. 11. maí 1876 komu út, og voru þinglesin í Mosfellssveit og Seltjarnarneshreppi, þá hefur almenn óánægja sprottið upp af því, að Ellidaárnar í nýnefndum hreppi hafa bæði verið þvergirtar og veiðivjel þau, sem í þeim hafa verið við höfð, hafa gjörsamlega hindrað alla laxför í ánum. Hefur óánægja þessi sýnt sig á margan hátt, og vakið almennt hneyksli allra þeirra, sem til þess hafa spurt.

Þetta lýsti sjer þannig fyrir tveim árum, að úr Borgarfjarðar, Árnes, Gullbringu og Kjósarsýslum komu almennar umkvartanir til alþingis um það, hversu ólöglega væri að farið með laxveiðina í Ellidaánum, enda liggur það í augum uppi, hversu mikið atvinnutjón laxveiðaspillingu í nefndum ám gjörir á jörðum þeim, er að þeim liggja í Mosfells- og Seltjarnarneshreppunum, hvar á meðal tvær jarðir eru eign landsins.

Þetta hafði þá þann árangur, að neðri

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

deild alþingis 1877 samþykkti dagskrá, sem fór því fram, að svolátandi uppástunga væri gjörð: „Í því trausti, að lögreglustjórnin, eins og henni ber, framfylgja viðaukalögum við Jónsbókar landsleigubálks 56. kap. um friðun á laxi frá 11. maí 1876, tekur þingdeildin næsta mál á dagskrána fyrir", en þó ótrúlegt sje, ber ekki á því, að lögreglustjórnin taki þessa skýlausu bendingu neðri deildar þingsins til greina.

Eins og tvö undanfarin sumur þvergirti kaupmaður Thomsen í sumar líka Elliðaárnar, og setti í þær þær veiðivjelar, sem hindra laxinn alveg gegn nefndum laxafriðunarlögum, og með því bændum virðist atferð þessi óþolandi lengur, skrifuðu bændur hreppsnefndinni í Seltjarnarneshrepp brjef dags. 5. þ. m., sem fylgir hjer með í afskript, hvar í þeir skora á hana, að hún annaðhvort sjálf taki upp nefndar þvergirðingar, eður þá að hún sjái fyrir, að valdsmaður vor gjöri það, og með sama gjöri hún ólöglegu veiðiáhöld Thomsens í Elliðaánum upptæk. Þetta brjef hafði þann árangur, að hreppsnefndin ritaði sýslumanni brjef, dags. 8. þ. m., en afhenti honum það á manntalsþingi, hvar af afskript fylgir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hjermeð, og fór hún þess á leit við hann, að hann ferðaðist á staðinn, þar sem nefndar veiðivjelar eru, til þess að sjá þær og sannfærast um ólögmæti þeirra, og þá líka sjá um, að þær samstundis verði teknar upp, og synjaði valdsmaður munnlega á þinginu að verða við á-skorun þessari, en vildi ekki gefa skrif-legt svar þar uppá, og bar því við, að hann væri viðriðinn málið.

Útaf þessu neyddist hreppsnefndar-oddvitinn í Seltjarnarneshreppi í umboði hreppsnefndarinnar til að rita amtmanni brjef, dags. 9. þ.m., sem fylgir hjermeð í eptirriti, með hverju hann kvartar um þessar undirtektir valdsmannsins í þessu máli, og skor-ar á amtið, að það sem fyrst setji annan mann í hans stað til að fram-kvæma skoðunargjörð á veiðivjelum Thomsens í Elliðaánum og gjöra þær upp-tækar, svo framarlega sem þær reynast ólöglegar, samt til að taka þvergirðing-arnar burt úr ánum.

Amtmaður mun hafa skipað valds-manni að sinna málinu, og boðaði valdsmaður því hlutaðeigendum, að skoðunargjörð fram færi á nefndum stað þann 14. þ.m., og þar fór hún fram dag,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og voru 2 alþingismenn Hjálmur Pjeturs-
-son Páll Pálsson útnefndir skoðunar-
-menn. Skoðunargjörðin fór nákvæmlega
fram, og at henni lokinni, skoraði sá, er
mætti fyrir oddvita hreppsnefndarinnar
í Seltjarnarneshreppi á valdsmann, at
skoðunarmenn fá þegar gefa skýrslu
sína til protocols og eiðfestu hana, en
valdsmaður færðist undan, og skaut því
á frest til kvölds hins sama dags kl. 7,
voru þar allir viðkomendur mættir, og
gáfu skoðunarmenn skýrslu sína eptir
spurningum, sem valdsmaður lagði fyrir
þá, og var því mótmælt og heimtuð skrifleg
skýrsla, eins og upprunalega hafði til tekið
verið í útnefningarskjali skoðunarmannanna,
en valdsmaður sinnti því ekki, eins og
hann líka neitaði at eiðfesta skýrslu
þeirra til protocols, jafnvel þó þeir fram-
-byðu eiðinn, en hann leyfði þeim að fram-
-leggja síðar skriflega skýrslu, hvað þeir
líka gjörðu, og eiðfestu þeir þar framburð-
-inn. Þessi skýrsla þeirra fylgir hjermeð
in originale, og hlýtur hver maður af
henni að sjá, að Elliðaárnar eru ígþver
-girtar, og veiðivjelarnar langt undir því
að vera löglegar, því var það, að jeg með-
-undirskrifaður oddvita hreppsnefndar-
-innar í Seltjarnarneshrepp með votthum

gekk til valdsmannsins og heimtaði, að
hann ljeti taka burtu þvergirðingarnar
og gjörði veiðivjelar Thomsens upptækar,
eptir beinum fyrirmælum laganna, en
hann synjaði þess. Að svo vöxnu máli
sáum vjer oss engan annan kost, en sjálf-
-ir að hrinda af oss órjetti þessum og taka
í burtu hina ólöglegu veiðigarða og ólög-
-mætu veiðiáhöld, enda sjáum vjer eigi
betur, en að vjer sjeum í fullkomnasta
rjetti vorum, eptir skýlausum bókstaf
laganna, og kringumstæðum, sem nú
eru til greindar, og vitum vjer og vel, hvern-
-ig þorskanet hafa verið upptæk vítalaust
af öllum.

Nú með því, eptir því undangengnu, að
vjer megum vera hræddir um, að kaup-
-maður Thomsen enn á ný endurbyggi
þvergirðingar þessar á sama hátt sem
fyrri, þá er það að vjer hjermeð leyfum oss
að skora á yður, hávelborni herra lands-
-höfðingi, sem æðsta embættismanni lands-
-ins, yfirskipaðan þeim, sem löggæzla er
falin og löghlýðni eiga um að sjá, að yður
mætti þóknast að gjöra nauðsynlegar ráð-
-stafanir til þess, að ólöglegir veiðigarðar
og veiðivjelar aldrei framar verði settar
í Elliðaárnar, og beinum vjer í þessu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tilliti fullt traust til valds yðar og emb-
-ættisröggsemi.

Í Seltjarnarneshreppi 25. júlí 1879.

K. Magnússon. S. Sæmundsson. Ó. Ólafs-
-son. J. Jónsson og fleiri.

Lagt fram í yfirdóminum 17. október 1881.

L. E. Sveinbjörnsson

b ad No 4.

No 2

Eptirrit.

Umleið og vjer, velborni herra sýslu-
maður, sendum Yður meðfylgjandi brjef
frá bændum í Seltjarnarneshrepp, leyfum
vjer oss að skora á Yður hjer fyrir mann-
talsþingsrjettinum í dag, í fyrsta máta
að ferðast á staðinn, þar sem veiðivjelar
kaupmanns Thomsens í Reykjavík standa
í Elliðaánum, til þess að að sjá sjálfur
og sannfærast um, hve ólöglega þær eru
niður settar og til búnar, og í annan stað
að skipa fyrir um, að þær samstundis
verði teknar upp, og hin ólögmætu veiði-
-áhöld gjörð upptæk, svo laxinn fái lög-
-skipaða frjálsa göngu upp eptir ánum,
enda hefur hann og um báðar þær, nema
hindraður sje, aðalför fyrir lönd jarða
hreppsins, og hagkvæmustu riðstöðvar í
báðum þeim eins og landi hagar til. Menn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bæði hreppsnefndin og hreppsbændur verða við staddir til þess að framkvæma ráðstöf-un yðar, sem vjer treystum til að sinna þessu áhuga og velferðarmáli hreppsins. –

Mýrarhúsum 8. júli 1879.

Öll hreppsnefndin með fullum undirskriptum.

Til

Sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringu-sýslu.

Lagt fram í yfirdóminum 17. oktober 1881.

L. E. Sveinbjörnsson

N: 1.
Eptirrit.

C. ad N: 4.

Hinni heiðruðu hreppsnefnd er kunnugt, eigi síður en oss, hjártjón það í atvinnuvegi hreppsbúa, málarekstur, óreglu og ófriður, sem annað hefur sveit þessari ú taf því, að þvergirðingar kaupmanns Thomsens í Reykjavík hafa staðið óhaggaðar í Elliða-ánum, þrátt fyrir hin nýju landslög um friðun á laxi, sem meðal annars leggja blátt bann við slíkum veiðimáta; fer ófögn-uður þessi svo í vöxt, að ekki er við unandi, enda veit enginn til, að lög þessi hafi verið brotin á bak aptur nokkurs staðar nema hjer.

En þótt vjer gjörum samferðis um, að hverjum sem vill, sje heimilt að bjóða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

veiðigarðana úr Elliðaánum, með því þeir eru óhelgir sagðir í lögunum; þá viljum vjer þó, til þess að fara sem vægast í þetta mál, snúa oss til hinnar heiðruðu hreppsnefndar með þá áskorun, að hún annaðhvort sjálf taki upp nefndar þvergirðingar, eða þá hún sjái svo fyrir, að valdsmaðurinn gjöri það, og með sama gjöri hún ólögleg veiðiáhöld kaupmanns Thomsens í Elliðaánum upptæk, svo þeim laxins og fjálsri göngu sje borgið. Treystum vjer hinni heiðruðu hreppsnefnd til þess að nota rjett sinn og neyta krapta sinna, svo máli þessu verði nú loksins komið í rjett og löglegt horf.

Í Seltjarnarneshrepp 5. júlí 1879.

Frá flest öllum bændum í hreppnum með þeirra undirskriptum

Til
Hreppsnefndarinnar í Seltjarnarneshreppi

Lagt fram í yfirdóminum 17. Október 1881.

L. E. Sveinbjörnsson

Af hendi stefnda mætti Proc. P. Melsted, beiddi um að fá málsskjölin ljeð og þess í 3 vikur. Var hvortveggja veitt, þessum með samþykki mótpartsins.

Rjettinum sagt upp.

Jón Pjetursson. Magnús Stephensen. L. E. Sveinbjörnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1881 mánudaginn 7. nóvbrmán. kl. 10 f. m. var hinn konunglegi yfirdómur settur og haldinn af hinum reglulegu dómendum. Var þá tekið fyrir

málið № 19/1881 Sæmundur Sæmundsson
gegn
H. Th. A. Thomsen

Af hendi hins stefnda mætti Proc. Páll Melsted, skilaði hann aptur skjölum málsins og lagði fram № 5 gagnstefnu, № 6 undirrjettardómsgjörðir og № 7 vörn og gagnsókn. № 6 fylgir dómsgjörðunum, № 5 og 7 eru svohljóðandi:

№ 5.

Justitiarius og Assessores í Íslands konunglega yfirdómi

Kunngjöra: að Procurator Páll Melsted hefur tjáð oss, að hann sem Mandatarius kaupmanns Thomsens finni ástæðu til að gagnstefna til yfirdómsins aukarjettardómi sýslumannsins í Kjósar og Gullbringusýslu frá 9. ágúst 1880 í sök milli nefnds kaupmanns og Sæmundar bónda Sæmundssonar á Elliðavatni útaf broti á laxakistum Thomsens í Elliðaánum, hverri sök nefndur bóndi, að fenginni uppreisn, hefur sem aðalafrýjandi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skotið til yfirdómsins með stefnu, dag-
settri 15. septbrmán þ. á.

Þar sem áfangreindur undirrjettar-
dómur hefur dæmt rjett að vera:

" Hinn stefndi Sæmundur Sæmunds-
" son greiði stefnandanum H. Th. A.
" Thomsen skaða- og kostnaðarbætur, að
" upphæð 144 kr. 62 aura; einfremur bætur
" fyrir rýrð á lánstrausti (Tort og Credit-
" spilde) eptir mati tveggja dómkvaddra
" óvilhallra manna, með helming
" þeirrar upphæðar, er menn þeir meta,
" þó þannig, að öll sú upphæð eigi fari
" fram úr 1000 kr. Svo greiði stefndi og
" málskostnað með 30 krónum.
" Dóminum að fullnægja innan 15
" daga frá lögbirtingu hans undir aðför að
" lögum."

þá álítur gagnáfrýjandinn sjer fyrir yfir-
dóminum að krefja þess, að undirrjettar-
ins dómi verði sumpart breytt gagnáfrý-
janda í hag, en sumpart að hann verði
staðfestur, samt að málskostnaður fyrir
báðum rjettum verði dæmdur á aðaláfrý-
janda annaðhvort skaðlaust, eða með
einhverju nægilegu eptir yfirdómsins
mati.

Þessvegna gagnstefnist hjermeð til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þess að mæla fyrir oss í hinum konunglega yfirdómi í Reykjavík, mánudaginn 7. novbr. 1881, á venjulegum stað og stundu, þegar aðalsökin verður fyrirtekin, umboðsmaður aðaláfrýjandans, Þorsteinn sýslumaður Jónsson í Reykjavík, til þess þar og þá að sjá sjálf í rjettinum lögð, málsútlistun og rjettarkröfur gagnstefnanda að heyra, til sakar að svara og dóm í gagnsökinni að meðtaka í þá átt, sem að framan var á vikið, samt til hvers þess, er löglega getur af sök þessari leitt.

Lögdagur er af numinn með tilskip. 3. júní 1796.

Dómsmálaskrifstofu yfirdómsins í Reykjavík 31. október 1881.

Undir yfirdómsins innsigli og dómsskrifarans nafni.

(L. S.)

L. E. Sveinbjörnsson

Regning: 83 a. = átta-
tíu og þrír aurar
borg.
L. E. Sv.

Mjer löglega birt
Þ. Jónsson.

Lagt fram í yfirdóminum 7. nóvember 1881. –

L. E. Sveinbjörnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## № 7.

### Vörn og Gagnsókn

í sökinni: Sæmundur Sæmundsson
gegn
H. Th. A. Thomsen
og
H. Th. A. Thomsen
gegn
Sæmundi Sæmundssyni

Um þetta Sæmundar mál er allt hið sama að segja sem um Kristinns málið, enda hefur hinn háttvirti mótpartur í sóknarskjali sínu farið sömu orðum um þau bæði. –

Mótpartinum finnur að því, at sök var ekki höfðuð móti þeim öllum sem einni heild„, er brutu veiðireglur Thomsens 25. júlí 1879. En þar liggja þau svo til, at þar sem fleiri hafa verið hluttakandi í sama verkinu, og unnið einum manni skaða, án þess sýnt verði, hvern skaða hver einstakur af samverkamönnum gjörði, þar hefur hver einstakur ábyrgð á öllum skaðanum, svo framarlega sem sá, er fyrir skaðanum varð, fer því á flot. Hjer í þessari sök hjálpuðust allir at sama verkinu, og geta ekki einusinni sagt eða sýnt, hvat hver þeirra sjerstaklega gjörði. Það er alveg rjett og eðlilegt, at Thomsen höfðaði sitt skaða –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

-bótamál á hendur þeim manni, eða þeim mönnum, er allir vissu að voru forgöngu-menn hins um rædda kistubrots. Verði aðaláfrýjandinn í sök þessari fyrir út-látum, þá getur hann átt um það við hina aðra samverkamenn sína. Slíkt hefur áður átt sjer stað í þessum Elliða-ármálum.

Mótparturinn gjörir sjer allt far um að sanna, að veiðiaðferð Thomsens hafi verið ólögmæt, og hans veiðivjelar óheimilar eptir vatnalögunum 11. maí 1876. En setjum svo, að veiðiaðferð Thomsens væri ekki rjett — sem jeg þó neita — þá eru þeir menn, sem brutu, eða voru í verki með að brjóta veiðivjelar hans, eigi betur farnir fyrir það, því að þeirra verk, að brjóta kistur og garða Thomsens, er og verður aldrei annað en "Selvtægt", sem er hreint og beint lagabrot, og hefur í för með sjer hegningu og skaðabætur. Aðaláfrýjandanum var kunn-ugt, að yfirvaldið vildi ekki taka upp laxakistur Thomsens, eða brjóta þær og girðingarnar úr ánni — og yfirvaldið hafði þó betur vit á landslögunum og rjetti heldur en þeir bændurnir — það er því þess merkilegra og vítaverðara af aðaláfrý-jandanum að ráðast samt sem áður í

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þat óhappaverk að bjóða veðir sjelar Thom-
-sens.

Þar sem mótpartinum vill hrinda öllum skaðabótakröfum Thomsens, og sem honum voru til dæmdar við undirrjettinn, læt jeg mjer nægja að vísa til þess, sem jeg hefi þar að lútandi sagt í framhaldi sóknar minnar frá 24. júní 1880 (undirrjettargjörðir bls 23-27). Jeg mótmæli því öllu, sem mót-parturinn segir þar að lútandi. –

Skaðabótakrafa Thomsens fyrir Tort og Creditspillde (500 kr. af hvorum þeim Sæmundi og Kristni) var fyrir undirrjettinum sett svo lágt, að varla munu dæmi finnast til slíks, þegar kaupmaður á hlut að máli.

Minn háttvirti mótpartur veit eins vel eins og jeg, hve mikils umvarðandi Cre-ditien er fyrir kaupmanninn. Sje Creditinum spillt fyrir kaupmanni, er honum það ómetanlegur skaði. Og hver getur neitað því, að þessar árlegu árásir á eignir Thom-sens hafa hlotið að rýra þessar eignir hans í augum innlendra og útlendra manna, og þarmeð spilla hans Credit. En þegar um bætur fyrir Tort og Credit-spillde er að tala, treysti jeg ekki betur dómkvöddum mönnum, en dómend-unum sjálfum til að ákveða þær, og þessvegna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

óska jeg að fá undirrjettarins dómi breytt í því atriði, og að dómendur sjálfir tiltaki eða ákveði þá bótaupphæð samkvæmt kröfu minni.

Að svo mæltu skýrskota jeg til minna sóknargagna fyrir undirrjettinum, mótmæli öllu, sem fram er komið af mótpartsins hálfu og gjöri þá

Rjettarkröfu:

að aðaláfrýjandinn Sæmundur bóndi Sæmundsson verði skyldaður til að greiða gagnáfrýjandanum, kaupmanni H. Th. A. Thomsen, í skaðabætur 644 kr. 62 aura (er finnst specificerað í sóknarskjali frá 7. maí 1880 í undirrjettaracti bls. 12-13), samt allan málskostnað fyrir báðum rjettum með 100 kr. eða einhverju nægilega eptir yfirdómsins mati.

Legg jeg svo sök í dóm með venjulegu skilyrði og fyrirvara.

Reykjavík 7. novbr. 1881.

Páll Melsteð.

Til
Yfirdómsins.

Lagt fram í yfirdóminum 7. nov. 1881.

L. E. Sveinbjörnsson

Af hendi áfrýjanda mætti eptir löggildingu landshöfðingja, sem lögð var fram

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No. 8 yfirdómari H. Kr. Friðriksson, í forföllum Proc. P. Jónssonar. Hið framlagða skjal er svohljóðandi:

No. 8

Þareð jeg fyrir vanheilsu sakir eigi treysti mjer til að mæta í dag í yfirdóminum, leyfi jeg mjer lotningarfyllst að mælast til, að yfirdómara H. Kr. Friðrikssyni verði veitt heimild til að mæta þar fyrir mína hönd, taka út málsskjölum og óska hæfilegs frests í þeim málum, sem jeg er við riðinn og fyrir eiga að koma í dag.

Reykjavík 7. novbr. 1881.

P. Jónsson

Til
Landshöfðingjans yfir Íslandi

Hin umbeðna löggilding veitist hjer- með í málunum:

1. Th. Thorsteinsson
gegn
W. Spence Paterson

2. Sæmundur Sæmundsson
gegn
H. Th. A. Thomsen

3. Kristinn Magnússon
gegn
H. Th. A. Thomsen

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. novbr. 1881.

Hilmar Finsen

Lagt fram í yfirdóminum 7. novbr. 1881.

L. E. Sveinbjörnsson

Beiddi hann um að fá málsskjölin [illegible] og fékk í 1 mánuð, sem hvorttveggja var veitt, frestinum með samþykki mótpartsins. Rjettinum sagt upp.

Jón Pjetursson Magnús Stephensen L. E. Sveinbjörnsson

Ár 1881 mánudaginn 5. desbr. kl. 10 f. m. var hinn konunglegi yfirdómur settur og haldinn af hinum reglulegu dómendum. Var þá tekið fyrir

málið No. 19/1881. Sæmundur Sæmundsson gegn Kaupm. H. Th. A. Thomsen

Af hendi áfrýjanda mætti Bói. Þ. Jónsson, skilaði hann aptur skjölum málsins og lagði fram No. 9 framhaldssókn með 2 fylgiskjölum a og b að No. 9, og er hún svo hljóðandi:

No. 9.

Framhald sóknar og vörn móti gagnsókn í málinu Sæmundur Sæmundsson gegn H. Th. A. Thomsen

og

H. Th. A. Thomsen gegn Sæmundi Sæmundssyni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg leyfi mjer að athuga, að þar sem jeg í sókn minni hefi vitnað inn í undir-rjettardómsgjörðirnar, þá er þarmeð meint dómsgjörðir þær, er jeg framlagði 17. október, og á því blaðsíðutalan þar að takast til greina, en eigi eptir dómsakti þeim, er hinn heiðraði mótpartur minn seinast lagði í rjett. —

Það er rjett, sem hinn heiðraði mótpart-ur segir, að þetta mál sje alveg samhljóða öðru máli, sem einnig kemur fyrir hinn háttvirta yfirdóm í dag, þ. e. málið Krist-inn Magnússon gegn kaupmanni H. Th. A. Thomsen, og hefi jeg því í sókn minni farið sömu orðum um það og um þetta mál, og sama mun verða um, svo jeg get í öllu verulegu skýrskotað til þess, sem áður er komið frá minni hendi og af hálfu umbjóðanda míns fyrir undirrjetti, nema hvað jeg á stöku stað kann að auka í orði eða breyta til þar sem mótpartur minn gefur mjer tilefni til þess.

Jeg skal enn taka það fram, að annat-hvort bar að hafa alla þá, sem kennt er um, að klutdeild hafi tekið í verkfallinu 25. júlí 1879, fyrir sök og ákæra og dæma þá alla undir einu máli, eða að öðrum kosti báða þá Sæmund og Kristinn undir sama

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

máli; hvorttveggja til solidarisk ábyrgðar,
og að þessu máli því, eins og hinu gegn
Kristinu, hefði borið að frávísa undirdóm-
-inum, og verður þá krafa mín að þessu
leyti hin sama og áður, að dómur undir-
-rjettarins verði dæmdur ómerkur. Mót-
-partur minn segir sjálfur, að "allir (30
menn) hafi hjálpast að verkinu og geta
eigi sagt hvað hver þeirra gjörði sjerstaklega".
þetta er hverju orði sannara; en hitt er
líka jafn-satt, að enginn veit enn í dag, hver
fyrirliðinn var, og þaraðauki sýnt, að eng-
-in sönnun er fengin fyrir því, að þeir
Sæmundur eða Kristinn hafi verið það, og
neita jeg því alveg að svo hafi verið. Um
"venjuna" við meðferð Elliðaármálanna
á undan, er mjer ókunnugt, og skal jeg
bæta því við, að jeg eigi fæ sjeð, að dómstól-
-arnir geti bundið sig við neina venju
í rjettarfarslegum ~~reglum~~ efnum nema
því aðeins, að málsgögn og önnur atvik
sjeu öldungis identisk, eður að faktum
sje samskynja eða eins og að lögin eigi
jafnt við; en hvort svo hafi verið í þeim
(Elliðaár-)málunum, sem mótpartur minn
meinar til, hefur hann eigi upplýst, eins
-og það og hlýtur að vera mjer ókunnugt.
Hvað snertir ólögmæti og óhelgi veiði-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gjöla Thomsens, þá hlýt jeg þar aptur að ítreka það, er jeg áður hefi sagt: Jónsb. Llb. 56. kap., samanborinn við viðaukalög 11. maí 1876 virðist ljóslega sýna, að hvort-tveggja hafi átt sjer stað, og er þá ekkert lagabrot framið, og þarmeð gefið, að hjer eigi getur verið talsmál um skaðabætur og hegningu„ sem mótpartur minn vill láta hvorttveggja dynja yfir umbjóðanda minn. Hann telur og, að það hljóti að auka á syndasekt mandants míns (og annara), að hann (ásamt hinum) bað yfirvöldin að skerast í leikinn og varna uppivöðslu Thomsens; en í þessu held jeg engínn verði honum samdóma; þvert-ámóti virðist þetta mega álíta sem varkárni og lýsa því, að áþýjandinn og hinir vildu í lengstu lög forðast, að grípa til annara, þeim miður geðfeldra úr-ræða, en það tel jeg að neyðast til að ná lögum og rjetti sjálfur, þar sem enga vernd eða aðstoð er að fá, og yfirvöldin sýnast að daufheyrast við bónum þeirra, sem hlut eiga að máli, og geta þeim ekki svar.

Um skaðabótakröfurnar № 1, 2 og 3 í undirrjettardóminum tel jeg mjer, að dómi mótpartsins, óþarfa að svara til sóknar minnar, og mótmæli jeg með

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

öllu því, sem fram er komið frá hans-
hálfu þaraðlútandi, og rekur þá lestina,
eins og áður, spurningin um rýrð á
lánstrausti, sem Thomsen á að hafa
orðið fyrir, og nú er gjört að nýju ytris-
og gagnsóknarefni; og skal jeg nú snúa
mjer að því.

Jeg skal ekki eyða öllu fleiri orðum
en komið er um lögmæti eða eðli kröfu
þessarar, heldur að öllu leyti vísa til
þess, sem áður er fram fært af hálfu
mandants míns bæði fyrir undirrjetti
og þessum dómi; en jeg skal þó leyfa
mjer að geta þess, að það stendur á engu,
hvort hann er vel efnaður eður eigi, og
mun varla koma til skoðunar, eins og
mótparturinn vill, í tilliti til upphæðar
skaðabótanna, eins og hitt einnig er
ljóst, að það virðist engu skipta, hvernig
efnahag Thomsens er varið, og eigi held-
ur, hvort hann er kaupmaður eða ekki;
því það getur allt eins hugsast, að
sumir mótparta hans í málinu
þessum, geti að þessu leyti staðið jafnt
að, og missi sitt lánstraust fyrir þá
skuld, að þeir eigi fá að njóta laxveiða-
rjettar síns, þess er þeim ber, og tel jeg
einkum þar til umbjóðanda míns,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem sjerstaklega er interesseradur í tilliti til veiði í Elliðaánum, og líð annan baga og skaða þar við, og allt þetta þrátt fyrir það, að þeir eigi eru laxmenn, en aptur margfalt efnaminni en Thomsen. Jeg skal bæta því við, að það eru ekki hinir margumtöluðu 30 menn einir, sem gjört hafa árásir á veiðigögn hans, heldur mun hann optar en einusinni fyrir 25. júlí 1879 hafa orðið fyrir líku af ekki allfáum _öðrum_ mönnum; en að þeir Sæmundur og Kristinn einnig skuli þurfa að verða fyrir útlátum fyrir missi lánstrausts fyrir alla þá, er á ýmsum tímum hafa áreitt Thomsen útaf veiði hans – einsog mótpartur minn sýnist að ætlast til –, það held jeg að engum manni ætti að geta dottið í hug. En það er ekki nóg með það, að Thomsen laxmaður hefur orðið fyrir árásum _einstakra_ manna útaf laxveiði sinni, heldur hefur og hið opinbera, að sögn, fundið ástæðu til að hlutast til um, að hann yrði ákærður fyrir ólöglega veiði eða veiðiaðferð; en hvort það eða þau mál eru útkljáð er mjer óljóst. Þetta atriði virðist mjer sýna, að veiðin eða veiðiaðferðin eigi muni hafa þótt allskostar lögum samkvæm,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og bið jeg að þessa sje vel gætt.
En nú er komið annað og nýtt hljóð í Höll-
-una. Eins og hjeraðsdómurinn ber með
sjer áttu 2 menn að meta til peninga
rýrð á laxafla þeim, sem ætlað var að
kaupmaður Thomsen hefði orðið fyrir
við tálmun veiðinnar í Elliðaánum. Menn
þessir voru útnefndir fyrir rjetti 18. ágúst
í sumar, og litlu síðar var mótparti mín-
-um tilkynnt, að rjettarhald yrði í Hafnar-
firði 3. september næst á eptir, matsgjörð-
-in þar framlögð og eventuelt eiðfest.
Við, hinn heiðraði mótpartur minn og jeg,
fórum þenna dag til rjettarhaldsins, en
þegar þar kom, varð ekki af því, þareð
sýslumaður sótti það ekki, og eptir
nokkurra stunda bið hurfum við aptur
við svo búið, þó eptir að við höfðum kynnt
okkur matsgjörðina hjá matsmönnunum
sjálfum, er báðir höfðu mætt, og leyfi jeg
mjer að leggja fram eptirrit af henni,
því frumritið hefur mótpartur minn
fengið, en dómarinn gat eigi staðfest
eptirritið, þar sem hann ekki kvaðst hafa
rjett að bera það saman við. (Brjef hans
hjeraðlútandi læt jeg fylgja). Matsgjörðin
hefur þá enn í dag ekki verið framlögð
í rjetti og því síður eiðfest. Þar sem nú

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fjárnámsfestan fór að styttast og mótpart-
-ur minn mun hafa haft í huga að nota
hann í tilliti til hinna annara ákvæða
dómsins, Get umbjóðandi minn taka alt
afsýjunarefnin, og hefur mótpartur minn
nú, eins og hinum háttvirta yfirdómi er
kunnugt, í stað þess að framfylgja mats-
-gjörðinni eins og lög stóðu til, gagnstefnt
mandant minum og krafist, eins og áður,
500 kr. fyrir rýrð á lánstrausti. þetta virðist
mjer nú heldur en ekki nokkuð undarleg
aðferð; því hefði honum eigi líkað álit
matsmanna, lá næst fyrir að heimta
yfirmat, og fæ jeg ekki betur sjeð, en að
gagnsökinni beri að vísa frá yfirdóm-
-inum, þar sem þessi krafa (í stað Tort og
Creditspilde) er aðalatriði málsins og
undirdómarinn eigi hefur kveðið upp
sjálfur álit sitt um hana, og hygg jeg því,
að yfirdómurinn tæplega geti gefið
fullnaðardóm að <u>þessu leyti</u> fyrri en undir-
-dómarinn hefur gjört það, og þar sem
mótpartur minn er á gagnstæðri skoðun,
og heldur, að yfirdómurinn sjálfur, án
tillits til undirrjettardómsins, og - jeg
bæti því við - til hinnar byrjuðu matsgjörð-
-ar, sem sjálfur hann er skuld í að eigi
varð fullkomnuð - þá skal jeg leyfa mjer

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að vekja athygli á N. L. 1-16 (sbr. 17) smbr. með-
-al annars Cebr. 16. marts 1799 og yfirhöfuð
B. & L.s Procesmaade 3. Afsnit om Syns og
Skjönsforretninger, einkum §§ 102, 103, og
skal jeg taka það fram, að það er líka algeng
"venja", að dómkvaddir menn — og eigi dóm-
-stólarnir — segi upp álit sitt í líkum málum
og þessu, eðar svo sem kveði upp dóm um
skaðabætur, sem dómstólarnir kannske
munu raska, og skal jeg, meðal hinna
mörgu dæma benda á eitt, sem nærri liggur,
en það er yfirrjettar- og hæstarjettardómur
í 1. hepti dómasafnsins bls. 57-59. Að mót-
partur minn að öðru leyti treystir dómend-
-unum eins vel og hinum dómkvöddu til að
ákveða slíkar skaðabætur, það er jeg honum
alveg samdóma; en mjer þykir efasamt,
að yfirdómurinn gjöri það í þessu máli —
eins og því nú er komið.

Hvað matsgjörðina sjálfa snertir, þá
ber hún ljóslega með sjer, að matsmenn
eigi í raun og veru hafi álitið, að Thomsen
bæri neitt í skaðabótaskyni, en voru þeirr-
-ar meiningar, að útnefning þeirra og
dómurinn byði þeim að láta það eitt-
-hvað heita; ella mundi álit þeirra hafa
orðið: non liquet. En hvað sem nú þessu
líður, þá skal jeg að lyktum leyfa mjer
að leiða sjerstakt athygli yfirdómsins

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að því, sem í matsgjörðinni er haldið fram: að árásirnar á laxakistur Thomsens verði að skoðast í samhengi við árásir þær, er á undan voru gjörðar, og hefi jeg lauslega bent á það hjer á undan, að þeir Sæmundur og Kristinn eigi hafi verið einir um að rýra lánstraust Thomsens; gjöri jeg mjer því vissa von um, að sjerstakt tillit verði haft til þessa, ef yfirdómurinn eigi aðhyllist kröfu mína um frávísun gagnsakarinnar, og komist til þeirrar niðurstöðu, að Thomsen beri að tildæma nokkrar skaðabætur. —

Að svo mæltu skírskota jeg að öðru leyti til allra þeirra gagna, sem í málinu eru fram komin fyrir báðum rjettum af hálfu mandants míns, og mótmæli því, er mótpartinn hefur komið með.

Verða þá kröfur mínar:

1. að undirrjettardómurinn verði dæmdur ómerkur, eða að mandant minn verði dæmdur alsýkn af kröfum og kröfum Kaupmanns Thomsens
2. að gagnsókninni verði frávísað og til vara: að skaðabætur fyrir rýrð á lánstrausti, ef þær verða að nokkru lagðar á umbjóðanda minn, eigi fari fram úr því, er matsmenn hafa ákveðið, eða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

25 krónur.

3. at kaupmaður Thomsen verði skyldaður til ~~alls~~ at greiða allan málsins fyrir báðum rjettum, bæði í aðalmálinu og í gagnsóknarmálinu, og þarmeð kostnað þann, sem risið hefur af matsgjörðinni, með einhverju nægilegu eptir rjettarins mati. — Legg jeg svo málið í dóm með vanalegum fyrirvara.

Reykjavík 5. desember 1881.

Þ. Jónsson

Til
hins konungl. yfirdóms.

Lagt fram í yfirdóminum 5. desember 1881.

L. E. Sveinbjörnsson

a að No 9.

Útaf brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 9. þ. m., skal jeg skýra yður frá, að ekkert hefur fram farið eða gjört fyrir mjer sem dómara í málum kaupmanns Thomsens gegn Kristinni Magnússyni og Sæmundi Sæmundssyni frá 18. ágústm. þ. á. til 3. sept. næst á eptir. — Að öðru leyti skal þess getið, að jeg afgreiddi til hinna útnefndu matsmanna útskript af rjettarhaldi á Búastöðum (hinn 18. ág. síðastl.) og að jeg meðleið skrifaði Proc. P. Melsted sem umboðsmanni Thomsens, og skýrði honum frá,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að hann yrði að gjöra þær ráðstafanir í sökinni, sem nauðsynlegar væru (með tilliti til stefnu o. fl.). – Álitsgjörð út-nefndra matsmanna frá 3. septbr. þ. á. afgreiddi jeg til Melsteds in originali 23. s. m., og get jeg því eigi sent yður hana nje eptirrit af henni. –

Skrifstofu Kjósar og Gullbringusýslu
16. nóvbr. 1881.

Kristján Jónsson

Herra sýslumaður Fr. Jónsson í Reykjavík.

Lagt fram í yfirdóminum 5. desbr. 1881
L. E. Sveinbjörnsson

b ad No. 9.

Eptirrit.

Fyrir aukarjetti Kjósar og Gullbringu-sýslu hinn 18 þ. m. vorum við undirskrif-aðir, Árni Hildibrandsson og C. Zimsen, útnefndir til þess að meta balur fyrir rýrð á lánstrausti (Tort og Creditspilde), er kaupmanni H. Th. A. Thomsen hafa verið dæmdar með 2 hjeraðsrjettardóm-um, uppkveðnum 9. ágústmán. f. árs, yfir Kristinni Magnússyni og Sæmundi Sæmundssyni.

Eptir að við höfum kynnt okkur mál þessi, er það skoðun okkar, að verk þau,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er hinir kærðu, Kristinn Magnússon og Sæmundur Sæmundsson, í sameiningu við aðra menn, framdi 25. dag júlímán. 1879, með því að taka upp 3 laxakistur Thomsens o.s.fr., verði að skoðast í samhengi við árásir þær á laxakistur Thomsens, er áður voru gjörðar, og getum við ekki betur sjeð, en að þessar ítrekuðu árásir á laxveiðivjelar hans, hafi hlotið að valda honum töluverðar gremju, eins og þær líka um tíma hljóta að hafa rýrt eign hans (o: laxveiðina í Elliðaánum) í augum annara manna, svo að honum t. a. m. mundi hafa verið örðugt að selja þessa eign sína eða leigja fyrir fullt verð, meðan mál þau, er þessi ágangur hefur leitt af sjer, voru óútkljáð. Aptur á móti getum við ekki sjeð, að neitt hafi komið fram, sem sanni, að Thomsen hafi liðið rýrð á lánstrausti við verk þau, er hjer um ræðir.

Af þessum ástæðum álítum við sanngjarnlegt, að Thomsen fái nokkrar bætur fyrir gremju og rýrð á eign, en þareð okkur eigi virðist krafa hans (1000 kr.) vera á nægilegum rökum byggð, finnum við ekki ástæðu til að meta bætur þessar hærri en 50 kr.

Álítum við því:

að hinum stefndu Kristni Magnússyni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og Sæmundi Sæmundssyni, hverum mun sig, bera að greiða stefnandanum, H. Th. A. Thomsen, 25 kr. bætur fyrir "Fortegnelse-spilde" (grenjar og ýrpt á eign).

Hafnarfirði 3. sept. 1881.

sign. C. Zimsen sign. Árni Hildibrandsson.

samhljóða frumritinu vottar
C. Zimsen

Lagt fram í yfirdóminum 5. desember 1881.

L. E. Sveinbjörnsson

lagði hann svo málið í dóm. Af hendi hins stefnda mætti Pror. P. Melsted, er ágreraði og lagði einnig málið í dóm. Var svo málið tekið undir dóm. —

Rjettinum sagt upp.

Jón Pjetursson, Magnús Stephensen. L. E. Sveinbjörnsson

Ár 1882 mánudaginn 16. janúar-mán. kl. 10 f. m. var hinn konunglegi yfirdómur settur og haldinn af hinum reglulegu dómendum. Var þá tekið fyrir

málið № 19/1881 Sæmundur Sæmundsson gegn kaupm. H. Th. A. Thomsen

og í því kveðinn upp svolátandi

Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp í aukarjetti Gullbringu og Kjósarsýslu 9. dag ágústmán. f. á. var Sæmundur bóndi Sæmundsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á Ellidaávatni dæmdur til að greiða kaup-
-manni H. Th. A. Thomsen, sem rekur
verzlun í Reykjavík, skaða og kostnaðarbætur
fyrir rof og skemmdir á laxakistunum og
laxagörðum hans í Ellidaánum 144 kr. 62 aura,
bætur fyrir rýrð á lánstrausti eptir mati
tveggja dómkvaddra óvilhallra manna,
með helming þeirrar upphæðar, er menn
þeir ákveði, þó ekki meira en 500 kr., og 30 kr.
í málskostnað. –

Þessum dómi hefur Sæmundur bóndi
Sæmundsson, eptir að hafa fengið upp-
-reisn, skotið til yfirdómsins með stefnu,
sem dagsett er 15. septembermán. f. á., og kraf-
-izt, að undirrjettardóminum verði
dæmdur ómerkur, eða þá að verða dæmdur
alsýkn af kærum og kröfum kaupmanns
Thomsens, en að Thomsen verði gjört að
greiða allan af málinu löglega leiðandi
kostnað fyrir báðum rjettum með einhverju
nægilegu. Hinsvegar hefur Thomsen kaup-
~~Tildrög þessa máls eru þau~~ maður gagn-
-áfrýjað framanumgetnum aukarjettar-
-dómi með stefnu, dagsettri 31. oktobermán. f. á.,
og krafizt, sumpart, að undirrjettardómar-
-inn verði staðfestur, sumpart, að honum
verði breytt þannig, að aðaláfrýjandinn verði
dæmdur til að greiða gagnáfrýjandanum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

644 kr. 82 aura í skaðabætur og allan máls-
-kostnað fyrir undir og yfirdómi með 100 kr
eða einhverju nægilegu.

Tildrög þessa máls eru þau, að 30 menn, og á
þeirra tölu aðaláfrýjandi, tóku 25. júlí 1879 upp
allar laxakistur gagnáfrýjanda, þær, er hann
hefur í Ellitaánum, nema 1, skemmdu þær
að mun, og brutu að nokkru leyti niður eða
felldu laxagarða hans. Höfðu þessir menn
bælt sig saman um að fremja ofbeldisverk
þetta. Að unnu verki tilkynntu þeir lands-
-höfðingjanum yfir Íslandi aðfarir sínar.
Var síðan höfðað sakamál á hendur þeim
fyrir þetta, en það hefur enn ekki hlotið
fullnaðarúrslit; en gagnáfrýjandinn höfð-
-aði mál gegn 2 af þeim, sem að verkinu
voru, sem sje, aðaláfrýjandanum og Kristni
bónda Magnússyni í Engey, sitt málið gegn
hvorum þeirra, til bóta fyrir skaða þann,
kostnað og rýrð á lánstrausti, er hann hefði
beðið af verknaði hinna 30 manna, og
krafðizt, að hvor þeirra yrði dæmdur til
að greiða honum helming allra bóta, svo og
málskostnað allan.

Bætur þær, sem gagnáfrýjandinn þannig
hefur krafizt af aðaláfrýjandanum, eru:
1. Helmingur varðkostnaðar til 2ja manna
frá 25. júlímánaðar til 1. septembermánaðar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | |
|---|---|---|
| | 1879 . . . . . | 60 kr. 80 a. |
| 2. | Helmingur kostnaðar við aðgjörð á veiðivjelunum . . . | 40 – 50 |
| 3. | Hálfur veiðimissir dagana 25., 26. og 27. júlímánaðar 1879 . . . | 43 – 32 |
| 4. | Rýrð á eign og lánstrausti, 1000 kr., helmingur þaraf . . . | 500 – „ |
| | Samtals | 644 kr. 62 aura |

Aðaláfrýjandinn hefur byggt kröfu sína um ómerking undirdómsins eða sýknun sína fyrst og fremst á því, að með því að allir þeir, sem að kistubrotinu unnu, gjörðu það í fjelagi, og þannig væru jafn valdir að því, þá sje sakarfjelag (litis consortium) með þeim, þeir sjeu að því leyti sem einn maður, og því hefði gagnáfrýjandinn átt að höfða mál gegn þeim öllum í einu, eða, úr því hann aðeins höfðaði mál gegn 2 þeirra, þá hefði hann átt að höfða það mál gegn báðum þeim í sameiningu. En eins og þessar mótbárur aðaláfrýjandans ekki geta valdið ómerkingu undirdómsins, þó þær væru á rökum byggðar, þannig hafa þær heldur ekki sem sýknunarástæður við neitt að styðjast, því, eins og áður er sagt, þá er hjer að ræða um skaðabætur fyrir verk, sem margir menn höfðu tekið sig saman um að vinna og unnu í sameiningu, án þess að sagt verði, hvað hver ein-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skaðinn þeirra varð af því, en af því leiðir, að
hver einstakur þeirra, sem að verkinu voru,
ber fulla ábyrgð á öllum þeim skaða, sem af
verkinu hefur hlotizt. Með því að gagnáfrýj-
-andanum var heimilt að sækja hvern einstak-
-an af þeim, sem að kistubrotinu voru, til
fullra bóta fyrir skaða þann, sem af því hlauzt,
þá var honum einnig heimilt að sækja hvern
þeirra um svo mikinn hluta af skaðabótun-
-um, sem honum leizt. Þareð það nú er ótan-
-legt og ómótmælt, að gagnáfrýjandinn er
eigandi að veiðivjelunum þeim í Elliðaánum,
sem rifnar voru burt 25. júlí 1879, eins og
hann líka er bæði landeigandi og veiðareig-
-andi á því svæði, þar sem veiðivjelarnar
voru, og með því það bæði er alkunnugt og
enda játað af aðaláfrýjanda sjer fyrir yfir-
-dóminum, að hann var einn í flokki
þeirra manna, sem tóku sig saman um að
rífa þessar veiðivjelar úr ánum, og sem
framkvæmdi þessa ályktun sína fyrnefndan
dag, og síðan lýstu verkinu opinberlega á
hendur sjer, þá getur hann ekki komist hjá
að gjalda skaða þann, sem af verkinu hefur
hlotizt, að svo miklum hluta, sem gagnáfrýj-
-andi krefst. —

Þegar þá kemur til þess að meta skaða
þann, sem leitt hefur af kistubrotinu 25. júlí
1879, og sem gagnáfrýjandinn, eins og áður
segir, hefur talið alls 1289 kr. 24 a., þá ber þess

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

at gæta, að þar sem hjer er full sannað, að fram-
-ið hefur verið ofríkisverk á eign gagnáfrýjand-
-ans, svo að hann hefur beðið tjón af, og að
aðaláfrýjandinn á að bera ábyrgð af þessu
tjóni, þá verða ekki heimtaðar hinar fyllstu
sannanir af gagnáfrýjandanum fyrir upp-
-hæð hvers einstaks liðs í skaðabótakröfu
hans, heldur aðeins, að hver þeirra um sig
sje eðlileg afleiðing af verkinu, og að upphæð
þeirra sje sennileg og sanngjörn, sbr. L. 5-2-88
og opið brjef 24. marz 1800, 2. gr. Yfirdómurinn
verður þannig að vera undirdómaranum
samþykkur um:

1. að kostnaður við að halda 2 varðmenn við veiðivjelar gagnáfrýjanda í Elliðaánum frá því að þær voru rifnar úr 28. júlí 1879 og þangað til að hann tók þær algjörlega upp 1. septbr. næst á eptir, sje eðlileg afleiðing af kistubrotinu, og eins og það er alkunnugt, og því ómótmælanlegt, að kostnaður þessi átti sjer stað, eins sje upphæð hans í alla staði sanngjörn;
2. að kostnaðurinn til aðgjörðar á veiðivjel-unum og við að setja þær niður aptur, sje bein afleiðing af kistubrotinu, og þar sem kostnaður þessi er metinn af 2 óvilhöllum dómkvöddum mönnum, þá hafi gagn-áfrýjandinn þar fullnægjandi sönnun fyrir upphæð hans, án þess að það, eins og hjer stendur á, geti komið til greina, þótt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

aðalafríjandinn ekki séi kvaddur til
at vera við staddur við skoðunargjörðina
eða þá, er matsmennirnir voru útnefndir
í rjettinum;

3. at veiðimissir þá daga, sem liðu frá því at
kisturnar voru rifnar upp, og þangaðtil þær
voru settar niður aptur í árnar, einnig sje
bein afleiðing af kistubrotinu, og at gagnáfrí-
jandanum því einnig beri endurgjald fyrir
hann, og þar sem endurgjald þetta er sett eptir
meðaltali af því, sem veiðst hafði sömu dag-
ana tvö næst undanfarandi ár, þá verði ekki
eptir atvikum heimtuð frekari sönnun um
upphæð þessa. –

Að því er loks snertir kröfu gagnáfríjand-
ans um bætur fyrir rýrnun á lánstrausti,
þá verður yfirdóminum einnig at vera á sama
máli og undirdómaranum um það, at gagnáfrí-
jandanum beri slíkar bætur, því at það er aug-
ljóst, at þegar eins arðsömeign og laxveiði
gagnáfríjandans í Elliðaánum, verður fyrir
þráföldum árásum og skemmdum, þá hljóti
það at fella hana mjög í verði í augum manna,
og af því er aptur eðlileg afleiðing, at lánstraust
hans fyrir þá sök hljótur at rýrna; og því
fremur sem hann er kaupmaður; verður yfir-
dóminum einnig at vera því samdóma, at
upphæð þessara bóta verði látin vera komin
undir mati 2ja dómkvaddra óvilhallra manna,
er skyn bera á, þó má hún ekki meiri vera en
500 krónur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt öllu því, sem að framan er talið, ber að staðfesta undirrjettardóminn, einnig að því ákvæði hans um málskostnað snertir, og ber aðal-áfrýjandanum samkvæmt þessum úrslitum málsins einnig að endurgjalda gagnáfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, er virðist hæfilega metinn 30 krónur. —

Því dæmist rjett að vera:

Undirrjettardóminum í máli þessu skal óraskað. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði aðaláfrýjandinn, Sæmundur bóndi Sæmundsson, gagnáfrýjandanum, kaupmanni H. Th. A. Thomsen, 30 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans undir aðför að lögum.

Jón Pjetursson.

Rjettinum sagt upp.

Jón Pjetursson Magnús Stephensen L. E. Sveinbjörnsson

Dómsgjörðum þessum til staðfestu er innsigli yfirdómsins og nafn Justitiarii

Jón [Pjet]ursson

Gjald:
Ritlaun . . 6 Kr. 75 a.
staðf. laun . . " – 83
= 7 – 58 = sjö krónur
fimmtíu og átta aurar. borg.
Sjöl.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No 4

Framlagt í fógetarjetti Kjósar og Gull-
bringusýslu, 23/2 1863
Thorsteinson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Yfirrjettar-dómsgjörðir
í
málinu: Kristinn Magnússon
gegn
H. Th. A. Thomsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Justitiarius og Assessores
í
hinum konunglega yfirdómi á Íslandi

Kunngjöra: ár 1881 mánudaginn 17. októbermán. kl. 10 f. m. var hinn konunglegi yfirdómur settur og haldinn af hinum reglulegu dómendum. Var þá tekið fyrir

málið № 18/1881 Kristinn Magnússon
gegn
H. Th. A. Thomsen

Af hendi áfrýjanda mætti Proc. þ. Jónsson; lagði hann fram № 1 stefnu, № 2 uppreisn, № 3 dómsgjörðir undirrjettarins og № 4 sókn. – № 3 fylgir actis, № 1, 2 og 4 eru svohljóðandi:

№ 1.

Justitiarius og Assessores
í
hinum konunglega yfirdómi á
Íslandi

Kunngjöra: að Kristinn bóndi Magnússon í Engey hefur tjáð oss, hversu hann, að fenginni konunglegri uppreisn, dagsettri 15. þ. m., finni ástæðu til að áfrýja fyrir yfirdóminum dómi aukarjettar Kjósar- og Gullbringusýslu, uppkveðnum 9. ágúst 1880, í máli milli hans og kaupmanns H. Th. A. Thomsens útaf broti á laxakistunni í Elliðaánum m. m. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þar sem hjeraðs aukarjettardómur nú hefur dæmt rjett að vera:

„Hinn stefndi, Kristinn bóndi Magnússon, greiði stefnandanum, H. Th. A. Thomsen skaða- og kostnaðarbætur, að upphæð 144 kr. 62 aura, ennfremur bætur fyrir rýrð á lánstrausti („Tort og Creditspilde") eptir mati tveggja dómkvaddra óvilhallra manna með helming þeirrar upphæðar, er menn þessir meta, þó þannig, að öll sú upphæð eigi fari fram úr 1000 kr. – Svo greiði stefndi og málskostnað með 30 kr. – Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum."

Þá ætlar áfrýjandinn fyrir yfirdóminum að krefjast, að dómur þessi verði annaðhvort dæmdur ómerkur, með eða án heimvísunar, eður úr gildi felldur þannig, að áfrýjandinn verði dæmdur sýkn af kærum og kröfum hins stefnda, kaupmanns H. Th. A. Thomsens, og hann skyldaður til að greiða allan málskostnað m. m.

Því stefnist til að mæta fyrir oss í hinum konunglega yfirdómi í Reykjavík mánudaginn 17. okt. næstkom. á venjulegum stað og stundu

1. kaupmaður H. Th. A. Thomsen í Reykjavík til að sjá skjöl í rjett lögð, málsútlistun og rjettarkröfur áfrýjanda að heyra, til sakar að svara og dóm að meðtaka í því átt, er nú var á vikið, og til hvers þess, er

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

löglega getur leitt af máli þessu, allt eptir nánari málsútlistun og rjettarkröfum seljanda, og

2. sýslumaðurinn í Kjósar og Gullbringusýslu til þess að verja dóm sinn og alla málsmeðferð.

Lögdagur er af numinn með tilsk. 3. júní 1796. Dómsmálaskrifstofu yfirdómsins í Reykjavík 15. septbr. 1881.

Undir innsigli yfirdómsins og nafni dómsmálaritarans.

(L. S.)

L. E. Sveinbiörnsson

Borgun 83ᵃ = áttatíu og þrír aurar

borg. L. E. Sv.

mjer löglega birt

Kristján Jónsson

Ár 1881 fimmtudaginn hinn 15. september höfum vit undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Reykjavík birt framanritaða yfirdómsstefnu fyrir Larsen L. verzlunarfulltrúa hins stefnda H. Th. A. Thomsen, sem nú er fjærverandi, persónulega í verzlunarhúsum hans hjer í bænum, þar sem velnefndur Larsen L. veitir forstöðu verzlun hins stefnda.

Þetta vitnum vit í krapti stefnuvottaeiðs okkar með nöfnum og innsiglum. —

Jón Borgfirðingur. B. Jónsson.

(L. S.) (L. S.)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgun: 75 a. =
sjötíu og fimm aurar
borg.
J Bj. J. J.
Lagt fram í yfirdóminum 17. október 1881.
L. E. Sveinbjörnsson

No 2.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsteen, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,
Gjöre vitterligt: at Vi, efter derom allerunderdanigst gjort Ansögning og Begjöring, allernaadigst have bevilget og tilladt, saa og hermed bevilge og tillade, at

Kristinn Magnússon, Bonde paa Engö

maa paa behörige Steder til nærmere Paakjendelse lade indstævne en inden Kjósar- og Gullbringusyssels Extraret den 9. August 1880 afsagt Dom, hvorved han er bleven dömt til at betale Kjöbmand H. Th. A. Thomsen i Reykjavik en Skadeserstatning til Belöb 144 Kr. 62 Öre foruden Erstatning for Tort og Creditspilde efter uvillige Mænds Skjön og Sagsomkostninger, uagtet den Tid er forlöben, inden hvilke samme efter Loven burde have været indstævnet og paatalt.
Dog skal Stævning udtages inden den i Vor

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Placat af 2den Juni 1819 § 2 foreskrevne Tid, og Sagen derefter tilbörligen og uden unfornödent Ophold forfölges, saafremt denne Vor allernaadigste Opreisning nogen Magt skal have.

Forbydende Alle og Enhver imod det, som foreskrevet staar, Hinder at gjöre.

Givet i Vor Kongelige Residentsstad i Kjöbenhavn den 15. September 1881.

Under Vort Kongelige Segl.

(L. S.)

Efter Hans Kongelige Majestats allernaadigste Befaling.

P. M. V.

Oddg. Stephensen

Opreisning for Kristinn Magnússon paa Engö til at appellere en den 9. August 1880 inden Kjósar- og Gullbringusyssels Extraret afsagt Dom

Betales med 18 Kroner 66 Öre.

Udleveret af Landshövdingen over Island, Reykjavik den 15. Septbr. 1881. –

Hilmar Finsen

Jón Jónsson

Lagt fram í yfirdóminum 17. oktober 1881.

L. E. Sveinbjörnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# No 4.

## Sókn í málinu:

Kristinn Magnússon
gegn
kaupmanni H. Th. A. Thomsen

Hjermeð hefi jeg þá æru at leggja fram:

1. Kgl. uppreist til áfrýjunar hjeraðsrjettardómi 9. ágúst 1880, dagsett 15. septbr. 1881.
2. Stefnu, dagsetta sama dag með birtingarvottorði.
3. Hjeraðsrjettardómsgjörðirnar.

Þegar jeg lít yfir mál þetta, og meðferð þess við undirrjettinn, verð jeg að vera á því, at þar hefði átt að frávísa samkvæmt kröfu verjanda í hjeraði, eða mandant minn að dæmast sýkn af kröfum málsaðila. – Málið er höfðað gegn 2 mönnum af 30, sem allir – að ætlun hans – eiga at hafa unnið að sama verknaði, eða voru viðstaddir, þá er hann fór fram, og alveg virðast jafn samsekir í honum, verði hann að öðru leyti álitinn saknæmur; þessir 2 menn eru: Kristinn Magnússon bóndi í Engey og Sæmundur Sæmundsson bóndi á Elliðavatni, báðir í Gullbringusýslu. Þat er ekki nóg með þat, at hinum (28) er alveg sleppt, og þeir látnir vera utan við mál þetta, í stað þess, at alla 30, eptir mínu áliti hefði borið at lögsækja sem eina heild, eður litis consortes, undir sama máli, heldur hefur sækjandanum í hjeraði þóknast at leggja í einelti og lögsækja hina 2

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nefndu menn, eigi undir sama máli, heldur hvorn um sig, eptir sjerstakri Edu, sjerstakri stefnu, bæði málin hafa verið leidd fyrir og procederuð í sömu andránni, samhljóða, sókn og vörn beggja málsparta farið fram sömu daga í báðum málunum og svo að segja orðrjett hin sama, og 2 samhljóða dómar hafa gengið yfir þeim báðum, og með þeim skipt svo sem af handahófi; og þó bróðurlega, öllum skaðabótunum, málskostnaði m. m., til helminga, án þess að neitt sje framkomið eða sannað um það, að hve miklu leyti þeir, hvor um sig, yfirhöfuð hafi gjörst brotlegir gagnvart málsaðila, og enn síður í hverju hlutfalli (hið meinta) brot hvors um sig, stóð gagnvart hinum.

Mjer virðist nú liggja í augum uppi; að hefði málssóknin verið höfðuð í einu lagi gegn öllum 30 sem consortes litis, mundu allir, að því leyti sem þeir áttu sama varnarþing, með sama dómi hafa orðið dæmdir til solidarisk ábyrgðar að öllu leyti. En sje þetta rjett álitið, þá virðist þaraf leiða, að úr því að eins 2 þeirra voru stefndir og ákærðir, þá hefði og borið að lögsækja þá undir sama máli og dæma til sömu (solidarisk) ábyrgðar, eða þá að hinsvegar hina tvo bar að álíta sem reos incompetentes, sem jeg með verjanda fyrir undirrjetti verð að álíta, að þeir hafi verið, og þessari stoðum verð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

jeg að halda fast fram, enda virðist einn hinn merkasti lögfræðingur að aðhyllast hana. Sjá Bidrag til den danske Civilproces af J. O. Hansen 1. Deel gr. 47, 2. c in fine (bls. 220) og Nellemann: Civilprocessens alm. Deel bls. 249–50. –

Jeg verð því fyrst og fremst að krefjast, að undirrjettardómurinn verði dæmdur ómerkur, eða að mandant minn (mandantar mínir) verði dæmdur alsýkn af kröfum (sækjanda) kaupmanns Thomsens. En skyldi hinn háttvirti yfirdómur komast til þeirrar niðurstöðu, að hvorki formal- nje real-Exceptiom mín, eptir áður sögðu, geti orðið tekin til greina, skal jeg leyfa mjer að koma fram með nokkrar athugasemdir um aðalefnið sjálft. –

Saga málsins er eptir hinum framlögðu rjettargjörðunum í öllu verulegu þannig: Árið 1879, 25. júlí, tóku að sögn 30 menn sig saman um að ráðast á veiðivjelar, þvergirðingar og laxakistur kaupmanns H. Th. A. Thomsens í Ellidaánum, raska þeim og taka upp, þar sem þeim fannst, að nefndar veiðivjelar væru óheimilar samkvæmt viðaukalögunum 11. maí 1876, og því alls eigi löghelgar. Meðal þessara manna voru þeir: áfrýjandinn, sem er bóndi í Engey og Sæmundur bóndi Sæmundsson á Elliðavatni. Það var nú ekki svo sem farið í launkofa

með samtök þessi eða framkvæmd þeirra, því með bréfi 5. júli næst á undan höfðu flestir bændur í Seltjarnarneshreppi farið þess á leit við hreppsnefndina þar, að hún annaðhvort byggja sjálf teki upp þvergirðingarnar, eða sæi um, að yfirvaldið léti gjöra það, og gjörðu veiðiáhöld kaupmanns Thomsens ónýt, svo síðan laxins og fjálsri göngu hans upp eptir ánum yrði borgið, og með bréfi 8. s. m. (sic) ritaði hreppsnefndin sýslumanni og skoraði á hann fyrir manntalsþingsrjettinum að skoða sjálfur og samfæðast um ólögmæti veiðivjelanna, og skipa fyrir um, að þær þá þegar yrðu upp teknar; en með því nú að sýslumaður, eptir að hann þó hafði komið á staðinn og sjeð veiðivjelarnar, mannlega synjaði um að verða við áskoruninni og vildi eigi gefa skriflegt svar, framkvæmdi hinn upphaflega nefndi flokkur manna verkið, með því að ónýta þvergirðingarnar, taka upp laxakisturnar o. s. fr., og það um hábjartan dag. Og – viti menn – jafnskjótt og verkinu er lokið, hlaupa mennirnir upp til handa og fóta sama daginn (25. júlí 1879) og kunngjöra landshöfðingja hvar komið var, biðjandi hann á sjer eptirbeiðis, að hann

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stemmu stigu fyrir hinni ólöglegu veiði Thomsens. Svo munu þeir og hafa farið hins sama á leit við amtmann; en hvorugur þessara embættismanna mun hafa gefið skriflegt svar. – Að svona hafi gengið til, munu eptirrit af hinum tilhlýtandi bjefum – þótt þau enn sjeu óstaðfest – sanna, jeg legg þau hjermeð til bráðabyrgða (bjef þessi eru, eins og áður segir: 1. bónda á Seltjarnarnesi til hreppsnefndar 5/7 79, 2. hreppsnefndar til sýslumanns 8/7 79 og hinna 30 til landshöfðingja 25/7 79).x –

Þetta er þá aflið úr sögu málsins, þessa ódæðismáls, sem sumir hafa kallað, og er hún stutt, en sannarlega <u>einkennileg</u> þegar litið er til, hve frjálslega og svo sem fyrir allra augum að verknaðurinn fór fram, allt í því örugga trausti þeirra, er við voru, og allir eru alþýðumenn, at landslögin og lögin frá 11. maí 1876 væri þeim nóg trygging fyrir, að atferli þeirra væri ósaknæmt og lögmætt, og svo get jeg heldur ekki stillt mig um í þessu sambandi að nefna enda lok sögu máls þessa eigi síður <u>einkennileg</u>, með því at benda á, að í hjeraðsrjettardóminum er alveg sleppt að fara einu einasta

---

x Öll eptirritin fylgja máli Sæm. Sæmundssonar gegn Thomsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

orði um, hvort tilræðið hafi verið saknæmt gagnvart löggjöfinni eða rjettindum nokkurs einstaks manns; en að annaðtveggja eða hvorttveggja hafi átt sjer stað, hygg jeg sje skilmáli fyrir því, að fellisdómur til sekta, skaðabóta, málskostnaðar, fái staðist, og það svo langt frá, að viðaukalög 11. maí 1876 alls eigi eru nefnd í dóminum; en það hlýtur hinsvegar að liggja í augum uppi, að skilningur á þessu hlýtur að ráða úrslitum málsins.

Það verður þá þetta atriði, sem jeg verð að halda fast við: eptir viðaukalögunum 11/5 76 hefur enginn ábyrgð á, þó hann taki upp og ónýti ólöglegar veiðivjelar fyrir lax, þar er jafnvel skorað á mann til þess, en að vjelar þessar hafi verið ólögmætar, sjest best á 7. grein laga þessara samanborinni við hinar undanfarandi greinar og Jónsbókar 56. kapitula landsleigubálks. Nú hefur Thomsen, að því er upplýst virðist undir málinu, með þvergirðingum sínum og öðrum veiðivjelum breytt þvert á móti hvorutveggju löggjöfinni, bæði Jónsbók og lögunum frá 1876, án þess að hafa fært rök að, að hann einn hafi annan eða meiri rjett við að styðjast, í tilliti til afnota laxveiða í Elliðaánum, en hver annar í

vatnsföllunum, sem renna um eða við land hans; en það er hinsvegar notoriskt og virðist vera in confesso, að lax gangi lengra upp eptir en lönd Thomsens ná; og eptir framan sögðu vona jeg að yfirdóm-urinn verði mjer samdóma um, að hjer eigi sje að ræða um neitt lagabrot af hálfu áfrýjanda og hinna annara, er að verknaðinum voru, heldur þvert á móti og miklu fremur um hitt, að hann (Thomsen) hafi brotið lögin frá 11. maí með ólöglegum þvergirðingum sínum og annari ólöglegri veiðiaðferð. En geti hinn háttvirti yfirdómur eigi fallist á þessa skoðun mína, skal jeg um hvert einstakt atriði málsins leyfa mjer fáeinar athuga-semdir. –

Þess skal þá fyrst getið, að það er alls eigi sannað gegn neitun áfrýjanda, að hann hafi verið fyrirliði eða fremstur í flokki þeirra, er að verkinu unnu, eða lagt hönd á það, heldur aðeins sem passiv áhorfandi, en að öru eigi letjandi, þar sem hann eptir áður sögðu eigi gat álitið athöfnina saknæma.

Þarnæst verð jeg að skírskota til varn-arskjalsins í hjeraði (aktl. bls. 16, 19), þar sem rætt er um skemmdir, er átt hafa að finn-

-aät á veidigördum og laxakistunum daginn
eptir, ad þær voru upptelnar, því vel má vera,
ad einhver kunni ad hafa skemmt þær
frá því daginum ádur, og þat, ef til vill, í blóra
vid þá, sem ad verkinu voru (hinn 25. júlí). —
ad jeg ekki tali um, ad kisturnar sjálfsagt
eigi hafa verid í sem bestu standi fyrir upp-
-tökuna, en ásigkomulag þeirra þá hefur eigi
verid, og getur eigi ordit Constaterad — og skal
jeg hjervid endurtaka þat, sem í sama skjali
(bls. 19) er sagt um hina tilrituudu skodunar-
-gjörd, ad hana verdur ad álíta sem Nullitet,
med því mandanti mínum eigi var stefnt
til ad vera vid, þegar hún fór fram (D. og Nd. 141);
og verd jeg því alveg ad mótmæla þessari
skadabótakröfu, ad upphæd 40 kr. 50 a. —

Þá er nú varðkostnadarkrafan, 60 kr. 80 a.,
og er þarvid fyrst ad athuga, ad varddagarnir
geta eigi talist nema 37 (26. júlí til 31. ágúst),
því vörd munu eigi hafa þurft 25. júlí. En
hvad sem því lídur, þá er þat med öllu
ósannad, ad vökumennin hafi verid settir
vid árnar og sjerstaklega til verndar
veidi Thomsens og veidigögnum hans — hinn
umrædda tíma, og at minnsta kosti eigi
ödruvísi en ádur verknadurinn, sem hjer
er umtalsefni, fór fram; og neita jeg, ad
þessi krafa verdi tekin til greina. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um skaðabætur fyrir veiðimissi dagana 25., 26. og 27. júlí, þá er veiðin hindraðist, að upphæð 43 kr. 32 a., er líkt að segja og um málið á atgjörð veiðiáhaldanna (sjá að ofan), sem sje það, að laxveiðabók kaupmanns Thomsens eigi getur haft hið minnsta sönnunarafl, og að með því eigi mun auðið að sanna, hvort nokkuð eða hvað veiðst hafi hina tilsvarandi daga 2 árin á undan (1877 og 1878), þá mótmæli jeg algjörlega að haft verði tillit til slíkrar kröfu, sem öldungis er tekin úr lausu lopti, enda hefur bókin aðeins verið færð um þessi 2 ár, og hefði Thomsen öllu heldur átt að leggja til grundvallar fyrir kröfu sinni veiðina síðara árið (1878), en báða saman, fyrst hann eigi gat fengið meðaltal fyrir lengra árabil; og að síðustu verð jeg að taka upp aptur það, sem sagt er í áður nefndu varnarskjali (bls. 21), og verjandi hefur eptir seljanda sjálfum, að "þráfaldlega" margir dagar líði, sem engum lax veiðist, eins og ekkert heldur sannar hina umgetnu 3 daga (25., 26. og 27. júlí 1879) í þá kistuna, sem ósnert var og óupptekin.

Þá kemur loksins stóra stykkið, krafa mótpartsins um ekki minna en 500 krónur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir Tort og Creditspilde, en jeg skal vera fáorður um hana; einungis skal jeg — með skírskotun að öðru leyti til þess, er jeg upphaflega hefi tekið fram og til varnarskjal-anna í hjeraði — geta þess, að mótpartur minn hefur eigi á neinn veg gjört það sennilegt, að slík krafa geti orðið byggð á verknaði áfrýjanda 25. júlí 1879, sem eigi hefur sannast að verið hafi annar en sá, að hann var nær staddur og reyndi eigi til að afstýra honum, eins og það einnig virðist fráleitt, að hann einn — auk Sæmundar Sæmundssonar — verði látinn sæta ábyrgð fyrir verk annara (hinna 28) — ef það að öðru leyti verður álitið saknæmt — og verð jeg enn að halda því föstu, að hann sje reus incompetens; mótmæli því gjörsamlega lögmæti kröfunnar og sjerstaklega upphæð hennar, sem alveg er fram sett af handa hófi, og heina hefði átt að öllum hlutakendum. —

Að svo mæltu leyfi jeg mjer að krefjast: að undirrjettardómurinn verði dæmdur ómerkur, eða að mandant minn verði dæmdur alsýkn af kærum og kröfum kaupmanns Thomsens, og hann skyld-aður til að borga allan af málinu lög-lega leiðandi kostnað fyrir báðum rjettum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með einhverju nægilegu.

Fel jeg svo málið yfirdóminum til úrlausnar, geymandi mjer rjett til andsvara ef þurfa þykir.

Reykjavík 17. október 1881.

P. Jónsson

Til hins konunglega yfirdóms í Reykjavík

Lagt fram í yfirdóminum 17. oktober 1881

L. E. Sveinbjörnsson

Af hendi stefnda mætti Prov. P. Melsted, og beiddi hann um málsskjölin ljeð og frest í 3 vikur. Var hvorttveggja veitt, frestirnir með samþykki mótpartsins.

Rjettinum sagt upp.

Jón Pjetursson. Magnus Stephensen. L. E. Sveinbjörnsson

Ár 1881 mánudaginn 7. novbr.mán. kl. 10 f.m. var hinn konunglegi yfirdómur settur og haldinn af hinum reglulegu dómendum. Var þá tekið fyrir málið № 18/1881

Kristinn Magnússon
gegn
H. Th. A. Thomsen

Af hendi hins stefnda mætti procurator P. Melsted; skilaði hann aptur skjölum málsins og lagði fram № 5 gagnstefnu í málinu, № 6 undirrjettardóms gjörðir og № 7 vörn og gagnsókn í málinu. № 6 fylgir actis, № 5 og 7 eru svohljóðandi:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No 5.

Justitiarius og Assessores
í
Íslands konunglega yfirdómi

Kunngjöra: að Procurator Páll Melsted hefur tjáð oss, að hann sem Mandatarius kaupmanns H. Th. A. Thomsens, fyrir áskorðir til að gagnstefna til yfirrjettarins aukarjettardómi sýslumannsins í Kjósar og Gullbringusýslu frá 9. ágúst 1880 í sök milli nefnds kaupmanns og Kristins Magnússonar í Engey útaf broti á laxakistum Thomsens í Elliðaánum, hverri sök nefndur bóndi, að fenginni uppreisn, hefur sem aðaláfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 15. septbrmán. s.á.

Þar sem nú ofangreindur undirrjettardómur hefur dæmt rjett að vera:

"Hinn stefndi, Kristinn Magnússon, greiði
" stefnandanum, H. Th. A. Thomsen, skaða- og
" kostnaðarbætur, að upphæð 144 kr. 62 a., enn-
"-fremur bætur fyrir rýrð á lánstrausti (Tort
" og Creditspilde) eptir mati tveggja dóm-
" kvaddra óvilhallra manna með helming
" þeirrar upphæðar, er menn þessir meta, þó
" þannig, að öll sú upphæð eigi fari fram úr
" 1000 krónum. Svo greiði stefndi og málskostn-
"-að með 30 krónum. Dóminum að fullnægja
" innan 15 daga frá löglbirtingu hans undir
" aðför að lögum"

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þá ætlar gagnáfrýjandi sjer fyrir yfir-dóminum að krefja þess, að undirrjettarins dómi verði sumpart breytt gagnáfrýjanda í hag, en sumpart staðfestur, samt að máls-kostnaður fyrir báðum rjettum verði dæmdur á aðaláfrýjanda annaðhvort skaðlaust, eða með einhverju nægilegu eptir yfirdómsins mati.

Þessvegna gagnstefnist hjermeð til þess að mæta fyrir oss í hinum konunglega yfirdómi í Reykjavík mánudaginn 7. Nó-vember 1881 á venjulegum stað og stundu, þegar aðalmálið fellur í rjett, umboðsmaður aðaláfrýjandans, Þorsteinn eyðlumaður Jónsson í Reykjavík, til þess þar og þá að sjá skjöl í rjettinn lögð, málsútlistun og rjettar-kröfur gagnstefnandans að heyra, til sakar að svara, og dóm í gagnsökinni að meðtaka í þá átt, sem að framan var á vikið, samt til hvors þess, er löglega getur af rök þessari leitt. —

Lögdagur er afnuminn með tilskipun 3. júní 1796.

Dómsmálastofu yfirdómsins í Reykjavík 31. oktober 1881.

Undir yfirdómsins innsigli og dómstjórans nafni.

L. S.

L. E. Sveinbjörnsson

Ргjenm: 83 a. = átta tíu og þrír aurar, borg.
L. E. Sv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mjer löglega birt.
J. Jónsson.
Lagt fram í yfirdóminum 7. nóvember 1881
L. E. Sveinbjörnsson

## N. 7.

Vörn og gagnsókn
í sökinni: Kristinn Magnússon
gegn
H. Th. A. Thomsen
og
H. Th. A. Thomsen
gegn
Kristni Magnússyni

Elliðaármálin hafa svo opt komið fyrir landsyfirrjettinn þessi síðustu árin, og efni þeirra alltaf hjerumbil hið sama, að þess gjörist engin þörf að skrifa löng skjöl um þau, hvorki með eða móti. Hinn háttvirti málsfærslumaður og mótstöðumaður minn í þessari sök, hefur samt sem áður komið fram með stórt og mikið söknarskjal, sem jeg nú hlýt að svara. Þegar jeg les þetta sókn-arskjal, sje jeg, að þar kemur fyrir hjerumbil allt hið sama, sem áður hefur komið fram frá mótpörtum kaupmanns Thomsens. Þann-ig heitir það í söknarskjalinu, sem jeg nú hefi fyrir mjer: að Kristinn Magnússon sje ekki rjettilega fyrir sök hafður, það sjer rangt, að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

taka hann einan útúr, en rjett að höfða málið móti þeim öllum, sem einu heildi, þessum 30, sem brutu veiðivjelar Thomsens 25. júlí 1879. En jeg svara þeim, eins og jeg áður hefi svarað, að það sje rangt og á móti allri venju, því að þar sem fleiri hafa verið hluttakandi í sama verkinu og gjört einum manni skaða, þá hefur hver einstakur ábyrgð á öllum skaðanum, nema sýnt verði, hvern skaða hver einstakur gjörði fyrir sig. Hjer hjálpuðust allir að sama verkinu, og geta ekki einu-sinni sagt eða sýnt, hvað hver af þeim sjerstaklega gjörði. Ekkert er því eðlilegra eða rjettara, en að Thomsen beindist helzt að þeim manni eða mönnum, sem allir vissu að voru forgöngumenn kistubrotsins. Svo geta þessir forgöngumenn átt við sína fjelaga og fengið hjá þeim það, sem þeir hafa orðið úti að láta, ef til þess skyldi koma. Og svona hefur það áður komið fyrir í þessum Elliðaármálum.

Mótpartinum gjörir sjer mikið far um að sýna og sanna, að veiðiaðferð Thomsens hafi verið ólögleg, og hans veiðivjelar óheimilar eptir lögum 11. maí 1876. En setjum nú, að veiðiaðferð Thomsens væri röng — sem jeg alveg neita — þá eru þeir, sem lögðu hönd á veiðivjelar hans, ekki betur farnir fyrir það, því að þeirra verk, að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bjóta Listur og garða Thomsens, er og verð-
-ur aldrei annað en "Selvtægt", sem er
hreint og beint lagabrot, og dregur eptir sjer
hegningu og skaðabætur. Það er því merki-
-legra, og, jeg verð að segja, því ótaverðara
af þessum mönnum að ráðast í að bjóta
veiðivjelar Thomsens, þegar yfirvaldið,
sem betur mátti þekkja, hvað lög er og rjett-
-ur, en þessir menn, ekki vildi verða til
að taka upp veiðivjelarnar; þar með var
þeim gefin bending til að gjöra það ekki.
Þarsem mótpartnrinn vill hrinda
öllum skaðabótakröfum Thomsens, og
sem honum voru til dæmdar af undirrjett-
-inum, læt jeg mjer nægja að vísa til
þess, sem jeg hefi þar um sagt í sóknar-
-framhaldi mínu frá 3. júní 1880 (undir-
-rjettarakt bls. 25-27.) Jeg mótmæli öllu, sem
mótpartnrinn segir þaraðlútandi. —
Hvað skaðabótakröfuna (500 kr.) fyrir
"Tort og Creditspilde" snertir, þá vil jeg geta
þess, að sú krafa var fyrir undirrjettinum
sett svo lágt, að varla munu dæmi finn-
-ast til slíks þegar um kaupmann er að
tala. Jeg veit, að minn heiðraði mótpartur
þekkir þetta af dæmum úr Danmörku,
jeg veit hann þekkir þá þýðingu, sem
Crediten hefur milli verzlunarmanna,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og að það verður ekki til aura metið, þegar honum er raskað. Mótpartur minn getur sjálfur getið því nærri, hversu þessar árlegu árásir á eignir Thomsens hafa kastað rýrð, í innlendra manna og útlendra augum, á þessa hans eign. En þegar um bætur fyrir Tort og Creditspilde, er að tala, treysti jeg ekki betur dómkvöddum mönnum en dómendunum sjálfum til að ákveða þær, og óska þessvegna, að fá undirrjettarins dómi breytt í því atriði, og að dómendur til taki sjálfir þá bótaupphæð samkvæmt minni kröfu.

Að svo mæltu skírskota jeg til minna sóknargagna fyrir undirrjettinum, mótmæli öllu, sem fram hefur komið frá mótpartinum og gjöri þá

Rjettarkröfu:

Að aðaláfrýjandinn, Kristinn Magnússon, verði skyldaður til að greiða gagnáfrýjanda, kaupmanni H. Th. A. Thomsen í skaðabætur 644 kr. 62 aura (er finnast specificerað ar í sóknarskjali frá 7. maí 1880, undirrjettarakti bls. 14), samt allan málskostnað fyrir báðum rjettum, með 100 kr. eða einhverju nægilegu eptir yfirdómsins mati.

Legg jeg svo sök í dóm með venjulegu skilyrði og fyrirvara.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 7. novbr. 1881.

Páll Melsteð

Til
Yfirdómsins.

Lagt fram í yfirdóminum 7. novbr. 1881
L. E. Sveinbjörnsson

Af hendi áfrýjanda mætti yfirkennari H. Friðriksson og lagði fram No 8 löggildingu landshöfðingja til þess að mæta í málinu í forföllum proc: Þ. Jónssonar, sem hljóðar þannig:

No 8.

Þareð jeg fyrir vanheilsu sakir eigi treysti mjer til að mæta ídag í yfirdóminum, leyfi jeg mjer lotningarfyllst að mælast til, að yfirkennara H. Kr. Friðrikssyni verði veitt heimild til að mæta þar fyrir mína hönd, taka út málsskjölum og óska hæfilegs frests í þeim málum, sem jeg er við riðinn og fyrir eiga að koma ídag.

Reykjavík, 7. november 1881

Þ. Jónsson

Til
Landshöfðingjans yfir Íslandi.

Hin umbeðna löggilding veitist hjermeð í málunum:

1. Th. Thorsteinsson
gegn
W. Spence Paterson
2. Sæmundur Sæmundsson
gegn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

H. Th. A. Thomsen

3. Kristinn Magnússon
gegn
H. Th. A. Thomsen

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Rvík 7. nov. 1881.
Hilmar Finsen

Lagt fram í yfirdóminum 7. november 1881.
L. E. Sveinbjörnsson

Beiddi hann um að fá málsskjölin ljeð og frest í 1 mánuð; var hvorttveggja veitt, fresturinn með samþykki mótpartsins. —

Rjettinum sagt upp. —

Jón Pjetursson Magnús Stephensen L. E. Sveinbjörnsson

Ár 1881 mánudaginn 5. desbrmán. kl. 10 f. m. var hinn konunglegi yfirdómur settur og haldinn af hinum reglulegu dómendum. Var þá tekið fyrir málið № 18/1881

Kristinn Magnússon
gegn
H. Th. A. Thomsen

Af hendi áfrýjanda mætti Proc. P. Jónsson, skilaði hann aptur skjölum málsins og lagði fram № 9 sóknarframhald og lagði málið í dóm. Hið framlagða skjal er svo-hljóðandi:

№ 9.

Framhald sóknar og vörn móti gagnsókn í málinu:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kristinn Magnússon
gegn
H. Th. A. Thomsen
og
H. Th. A. Thomsen
gegn
Kristni Magnússyni

Þar sem hinn heiðraði mótpartur minn framlagði við síðasta rjettarhald í máli þessu undirrjettardómsgjörðir við hlið hinna, er jeg lagði í rjett 17. oktober, þá skal jeg leyfa mjer að geta þess, að jeg í sókn minni hefi vísað til blaðsíðutals í hinum síðarnefndu, og eins fer jeg að nú, ef jeg skyldi skírskota til einhvers í dómsgjörðum þessa máls.

Jeg þykist sjá af vörn mótpartsins í þessu máli, að hann hefur tekið það til handargagns á undan öðru (Sæmundar Sæmundssonar), sem hann — og jeg er honum samdóma þar — segir að sje alveg samkynja, og skal jeg nú nota mjer dæmi hans að þessu leyti og eins að hinu, að hafa, líkt og hann, dálítinn orðamun, allt eptir því sem hann gefur tilefni til í báðum málunum, þó mjer að vísu þyki þess engin þörf. Honum virðist, jeg að öðru leyti hafa verið heldur langorður þar sem Elliðaármalin hafi svo opt komið fyrir yfirdóminn hin síðustu ár, og efni þeirra sje ogæ hið sama, svo það muni óþarfi að skrifa nú "stórt eða mikið", en jeg verð þá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

aptur að geta þess, að hve lengi hann hefur sveitst við slík mál, þá má hann vita, að þau hljóta að vera mjer að mestu ókunn, og að mál Kristins og Sæmundar eru mín fyrstu mál af því sundeigi. En nú skal jeg bera mig að vera svo stuttorður, sem tg ꝑt. –

Jeg vona að jeg hafi sýnt fram á, að Kristinn (og Sæmundur) muni órjettilega hafa verið stefnt og orðið fyrir áfellisdómi í stað þeirra og allra hinna annara, sem við kistubrotin 25. júlí 1879 voru kenndir, og fer svo eigi fleirum orðum þarum; en hvað sje "ámóti allri venju," og "hvað áður hefur átt sjer stað í þessum Elliðaármálum," kemur eigi þessu máli við, heldur hitt, hvað í því sje rjett að lögum og eptir atvikum þess og eðli; enda er mjer ókunnugt um "venju" þessa; og hvað hvor þeirra, Kristinn og Sæmundur, aðhafðist við kistubrotin, er alveg ósannað, og ekkert er um það upplýst, nema að þeir voru nærstaddir og passive áhorfendur. Er þá hjeraf ljóst, að hvorugur hefur verið forgöngumaður verksins, og veit jeg ekki, hvaðan mótpartur minn hefur það, að svo hafi verið, og at "allir hafi vitað það". Hann verður að sanna það, en jeg neita því algjörlega.

Um ólögmæti verdiv(?)jela Thomsens

skírskota jeg einnig til sóknar minnar. Hafi þær verið ólöglegar, þá er það beint eptir lögunum 11. maí 1876 að þær voru óhelgar; og þar sem farið var, áður brotið fór fram, til allra yfirvalda um að stemma stigu fyrir atferli Thomsens (því að veiða á ólöglegan hátt) og ekkert svar og engin leiðbeining fjekkst, var eigi að furða þó, og ekkert líklegra og eðlilegra en að almúgamenn álitu sjer heimilt eða jafnvel skylt eptir 7. grein laganna, að skerast sjálfir í leikinn til að varðveita rjettindi sín og annara meðbræðra sinna. Að yfirvöldin með þögn sinni hafi gefið þeim, sem viðriðnir voru verknaðinn, bending, til að aptra þeim frá fyrirtækinu, fæ jeg eigi skilið; öllu betur skilst mjer það, að þau hafi verið á báðum áttum, og ekki þorað að letja þá eða hvetja, ef til vill, einmitt vegna skilnings þeirra á lagaboðinu; og þessvegna: hjer hefur, að áliti mínu, ekkert lagabrot átt sjer stað, og þá eigi heldur talsmál um hegning eða skaðabætur.

(Um skaðabótakröfurnar (neðst á 2. bls. varnarskjals mótpartsins N. 1, 2 og 3 í undirrjettardóminum (dómsgjörðunum)) læt jeg mjer, að dómi hans, nægja að vísa til sóknar minnar, mótmælandi öllu,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem fram er komið frá hans hálfu þarað-
-lútandi. — Og rekur þá lestina, eins og áður,
spurningin um "rýrð á lánstrausti", sem
Thomsen á að hafa orðið fyrir, og nú er
gjört að yrkis- og gagnsóknarefni.
Jeg skal nú ekki eyða öllu fleiri orðum,
en komið er, um lögmæti eða eðli kröfu þess-
-arar, heldur að öllu leyti vísa til þess, sem
áður er fram fært af hálfu mandants míns
bæði fyrir undirrjetti og þessum dómi; en
jeg skal þó leyfa mjer að geta þess, að það
stendur á engu, hvort hann er vel efnaður
eða eigi, því það mun vart koma til skoðunar,
eins og mótpartur minn vill, í tilliti til
upphæðar endurgjaldsins, eins og hitt einn-
-ig er ljóst, að það virðist engu skipta, hvernig
efnahag Thomsens er varið, og ekki heldur,
hvort hann er kaupmaður eður eigi; því það
virðist auðsætt, að það getur allt eins hugs-
-ast, að sumir mótparta hans í málum
þessum geti að þessu leyti staðið jafnt
að, og missi sitt lánstraust fyrir þá skuld,
að þeir eigi fá að njóta laxveiðarjettinda
þeirra, sem þeim bera, [og tel jeg einkum þar
til Sæmund á Elliðavatni, sem sjerstaklega
er interesseratur í tilliti til veiða í Elliða-
-ánum], og líði annan baga og skaða þar-
-við, og allt þetta þrátt fyrir það, að þeir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eigi eru kaupmenn, en aptur margfalt fleirimenn en Thomsen. Jeg skal bæta því við, að það eru ekki hinir umtöluðu 30 menn einir, sem gjört hafa árásir á veiði-gögn hans, heldur mun hann optar en einusinni fyrir 25. júlí 1879 hafa orðið fyrir litlu af ekki allfáum öðrum mönnum; en að þeir Kristinn og Sæmundur einnig skuli þurfa að endurgjalda missi láns-traustsins fyrir alla þá, er á ýmsum tímum hafa áreitt Thomsen útaf veiði hans - einsog mótpartur minn sýnist að ætlast til - það held jeg engum manni ætti að geta dottið í hug. En það er ekki nóg með það, að Thomsen kaupmaður hefur orðið fyrir árásum einstakra manna útaf laxveiði sinni, heldur hefur, að sögn, hið opinbera fundið ástæðu til að hlutast til um, að hann yrði ákærður fyrir ólöglega veiði eða veiðiaðferð; en hvort það eða þau mál eru útkljáð, er mjer óljóst. Þetta atriði sýnir, að veiðin eða veiði-aðferðin eigi hefur þótt allskostar lögum samkvæm, og bið jeg að þessa sje vel gætt.

En, nú er komið annað og nýtt hljóð í strokkinn. Eins og undirrjettardómur-inn ber með sjer ætlu 2 menn að meta til peninga rýrð á lánstrausti, sem ætlað var að kaupmaður Thomsen hefði orðið fyrir sit tálmun veiðinnar í Elliðaánum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Menn þessir voru útnefndir fyrir rjetti 18. ágúst í sumar, og litlu síðar var mótparti mínum tilkynnt, að rjettarhald yrði í Hafnarfirði 3. septbr. næst á eptir, matsgjörðin þar framlögð og eventuelt eiðfest. Við, hinn heiðraði mótpartur minn og jeg, fórum sama dag til rjettarhaldsins, en af þessu varð ekki, því sýslumaður kom ekki, og eptir nokkurra stunda bið hurfum við aptur þaðan, þó eptir að við höfðum kynnt okkur matsgjörðina hjá matsmönnunum sjálfum, sem báðir voru til staðar, og leyfi jeg mjer hjermeð að leggja fram [x] eptirrit af henni, því frumritið hefur verið afhent mótparti mínum, en dómarinn gat eigi staðfest eptirritið, þar hann ekki kvaðst hafa neitt að bera það saman við (brjef hans hjeraðlútandi, dags. 16 f. m. læt jeg fylgja). Matsgjörðin hefur þó enn í dag ekki verið framlögð í rjetti, og því síður eiðfest. Þar sem nú fjárnámsfestur fór að styttast, og mótpartur minn mun hafa haft í huga að nota hann í tilliti til hinna annara ákvæða dómsins, ljet umbjóðandi minn taka út áfrýjunarstefnu, og hefur mótpartinum nú, eins og hinum háttvirta yfir-

---

[x] Matsgjörðin og brjef sýslumanns fylgir máli Sæmundar Sæmundssonar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

-dómi er kunnugt, í stað þess að framfylgja matsgjörðinni eins og lög stóðu til, gagn-stefnt mandant mínum og krafist, eins og áður, 500 kr. fyrir rýrð á lánstrausti. Þetta þykir mjer nú heldur en ekki nokkuð undar-leg aðferð; því hefði honum eigi líkað álit matsmanna, lá næst fyrir að heimta yfir-mat, og fæ jeg ekki betur sjeð, en að gagn-sökinni beri að vísa frá yfirdóminum, þar sem þessi krafa (útaf Tort og Kreditspilde) mótpartsins er aðalatriði málsins, og undir-dómarinn eigi hefur kveðið upp sjálfur álit sitt um hana, og hygg jeg því, að yfir-dómurinn trauðlega geti gefið fullnað-ardóm að _þessu leyti_ fyrr en undirrjettur-inn hefur gjört það; og þar sem mótpartur minn er á gagnstæðri skoðun, og heldur, að yfirdómurinn sjálfur, án tillits til undir-rjettardómsins og — jeg bæti því við — til hinnar byrjuðu matsgjörðar, sem sjálfur hann er skuld í að eigi var fullkomnuð — þó skal jeg leyfa mjer að vekja athygli á N.L. 1.16 (D.L. 1-17) str. Landbr. 16. marts 1799 og yfirhöfuð B. & L. Procesmaade, 3. Afsnit om Syns- og Skjöns-forretninger, einkum §§ 102, 103, og skal jeg taka það fram, að það _líka_ er algeng venja, að dómkvaddir menn — og eigi dómstólarn-ir — segi upp álit sitt í líkum málum og þessu eður svosem kveði upp _dóm_ um

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skaðabótur, sem dómstólarnir hlaudlega munu sœkja, og skal jeg meðal hinna mörgu dóma nefna eitt, sem nærri liggur, en það er yfir- og hæstarjettardómur í 1.^sta hepti dómasafnsins bls. 57-59. – Að mótpart-urinn að öðru leyti treystir dómendun-um eins vel og hinum dómkvöddu til að ákveða slíkar skaðabótur, þar í er jeg honum alveg samdóma; en nýjer er til efs, að yfirdóm-urinn gjöri það í þessu máli – eins og því nú er komið.

Hvað matsgjörðina sjálfa snertir, þá ber hún ljóslega með sjer, að matsmenn eigi í raun og veru hafa álitið að Thomsen bæri neitt í skaðabótarskyni, en vorn þeirrar meiningar, að útnefning þeirra og dóm-urinn byði þeim að láta það eitthvað heita, ella mundi álit þeirra hafa orðið: non liquet. En hvað sem nú þessu líður, þá skal jeg að endingu leiða sjerstaka athygli yfirdómsins að því, sem í mats-gjörðinni er tekið fram: að árásirnar á laxakistur Thomsens verði að skoðast í samhengi við árásir þær, er á undan voru gjörðar, og hefi jeg lauslega bent á það hjer á undan, að þeir Sæmundur og Kristinn eigi hafi verið einir um að rýra lánstraust Thomsens, og gjöri jeg mjer von um, að sjerstakt tillit verði haft

til þessa, ef yfirdómurinn eigi aðhyllist skoðun mína um þáttinn gagnsakar-innar, og kemst til þeirrar niðurstöðu, að Thomsen beri að tildæma nokkrar skaðabætur.

Að svo mæltu skírskota jeg að ~~orð~~ öðru leyti til allra þeirra gagna, sem í málinu eru fram komin fyrir báðum rjettum af hálfu mandants míns og mótmæli því, er mót-partinum hefur komið með.

Krafa mín verður þá:

1. að undirrjettardómurinn verði dæmdur ómerkur, eða að mandant minn verði dæmdur álýkju af kæru og kröfum kaupmanns Thomsens;
2. að gagnsókninni verði þá vísað og til vara: að skaðabæturnar, ef þær verða lagðar á umbjóðanda minn, eigi fari fram úr því, er matsmenn hafa ákveðið, eður 25 krón.
3. að kaupmaður Thomsen verði skyld-aður til að greiða allan kostnað fyrir báðum rjettum, bæði í aðalmálinu og gagn-sóknarmálinu, þarmeð kostnað við mats-gjörðina, með einhverju nægilegu eptir áliti rjettarins.

Legg jeg svo málið í dóm með vanalegum fyrirvara.

Reykjavík 5. desbr. 1881

Til
hins kgl. yfirdóms.

Jón Jónsson

Lagt fram í yfirdóminum 5. desember 1881
L. E. Sveinbjörnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Af hendi hins stefnda mætti Proc. P. Mel-sted, excipseraði og lagði einnig málið í dóm. Var svo málið tekið undir dóm. –

Rjettinum sagt upp. –

Jón Pjetursson   Magnús Stephensen.   L. E. Sveinbjörnsson

Ár 1882 mánudaginn 16. janúarmán. kl. 10 f. m. var hinn konunglegi yfirdómur settur og haldinn af hinum reglulegu dóm-endunum. – Var þá tekið fyrir

málið No 18/1881   Kristinn Magnússon

gegn

H. Th. A. Thomsen

og í því kveðinn upp svolátandi

Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp í aukarjetti Gullbringu og Kjósarsýslu 9. dag ágústmán. f. á., var Kristinn bóndi Magnússon í Engey dæmdur til að greiða kaupmanni H. Th. A. Thomsen, sem rekur verzlun í Reykjavík, skaða- og kostnaðarbætur fyrir rof og skemmdir á laxakistum og laxagörðum hans í Elliða-ánum, 144 kr. 62 aura, bætur fyrir rýrnun á lánstrausti eptir mati 2ja dómkvaddra óvilhallra manna með hækkun þeirrar upphæðar, er þeir menn ákváðu, þó ekki meira en 500 kr., og 30 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefur Kristinn bóndi Magnússon, eptir að hafa fengið uppreisn, skotið til yfirdómsins með stefnu, sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

dagsett er 15. septembermán. f. á., og krafizt, að undirrjettardómurinn verði dæmdur ómerkur, eða þá að verða dæmdur alsýkn af kærum og kröfum kaupmanns Thomsens, en að Thomsen verði gjört að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað fyrir báðum rjettum með einhverju nægilegu. Hinsvegar hefur Thomsen kaupmaður gagnáfrýjað þannan umgetnum aukarjettardómi með stefnu dagsettri 31. októbermán. f. á. og krafizt, sumpart, að undirrjettardómurinn verði staðfestur, sumpart, að honum verði breytt þannig, að aðaláfrýjandinn verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjandanum 644 kr. 62 aura í skaðabætur, og allan málskostnað fyrir undir og yfirdómi með 100 kr., eða einhverju nægilegu.

Tildrög þessa máls eru þau, að 30 menn, og í þeirra tölu aðaláfrýjandi, tóku 25. júlí 1879 upp allar laxakistur gagnáfrýjanda þær, er hann hefur í Elliðaánum, nema 1, skemmdu þær að mun, og brutu að nokkru leyti niður eða felldu laxagarða hans. Höfðu þessir menn tekið sig saman um að fremja ofbeldisverk þetta. Að unnu verki tilkynntu þeir landshöfðingjanum yfir Íslandi aðfarir sínar. Var síðan höfðað

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sakamál á hendur þeim fyrir þetta, en það hefur enn ekki hlotið fullnaðarúrslit; en gagnáfrýjandinn höfðaði mál gegn 2 af þeim, sem að verkinu voru, sem sje aðal-áfrýjandanum og Sæmundi bónda Sæmundssyni á Elliðavatni, eitt málið gegn hvorum þeirra, til bóta fyrir skaða þann, kostnað og rýrnun á lánstrausti, er hann hafði beðið af verknaði hinna 30 manna, og krafizt, að hvor þeirra yrði dæmdur til að greiða honum helming allra bóta svo og málskostnað allan.

Bætur þær, sem gagnáfrýjandinn þannig hefur krafizt af aðaláfrýjandanum, eru:

1. Helmingur varðkostnaðar til 2ja manna frá 25. júlímán. til 1. septembermán. 1879 . . . . . . . . . 60 kr. 80 a.
2. Helmingur kostnaðar við aðgjörð á veiðivjelunum . . . 40 – 50
3. Hálfur veiðimissir dagana 25., 26., og 27. júlímán. 1879 . . . . 43 – 32
4. Rýrnun á eign og lánstrausti, 1000 kr., helmingur þaraf . . 500 – „

Samtals 644 kr. 62 aur.

Aðaláfrýjandinn hefur byggt kröfu sína um ómerking undirdómsins eða sýknu sína fyrst og fremst á því, að með því að allir þeir, sem að kistubrotinu unnu, gjörðu það í fjelagi, og þannig eru jafn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

valdir að því, þá sje sakarfjelag (litis con-
-sortium) með þeim, þeir sjeu að því leyti
sem einn maður, og því hefði gagnáfrýjand-
-inn átt að höfða mál gegn þeim öllum í
einu, eða, úr því hann aðeins höfðaði mál
gegn 2 þeirra, þá hefði hann átt að höfða
það mál gegn þeim báðum í sameiningu.
En einsog þessar mótbárur aðaláfrýjand-
-ans ekki geta valdið ómerkingu undir-
-dómsins, þó þær væru á rökum byggðar,
þannig hafa þær heldur ekki sem sýknar-
-ástæður við neitt að styðjast, því, eins og
áður er sagt, þá er hjer að ræða um skaða-
-bætur fyrir verk, sem margir menn höfðu
tekið sig saman um að vinna og unnu
í sameiningu, án þess að sagt verði, hvað
hver einstakur þeirra vann að því, en af
því leiðir, að hver einstakur þeirra, sem að
verkinu voru, ber fulla ábyrgð á öllum þeim
skaða, sem af verkinu hefur hlotizt. Með því
að gagnáfrýjandanum var heimilt að
sækja hvern einstakan af þeim, sem að
Distubrotinu voru, til fullra bóta fyrir
skaða þann, sem af því hlauzt, þá var
honum einnig heimilt að sækja hvern þeirra
um svo mikinn hluta af skaðabótunum,
sem honum leizt. Þareð það nú er vitan-
-legt og ómótmælt, að gagnáfrýjandinn er eig-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

-andi að veiðivjelum þeirra í Elliðaánum, sem rifnar voru burt 25. júlí 1879, eins og hann líka er bæði landeigandi og veiðareig-andi á því svæði, þar sem veiðivjelarnar voru, og með því það bæði er alkunnugt, og enda játað af aðaláfrýjandanum hjer fyrir yfirdóminum, að hann var einn í flokki þeirra manna, sem tóku sig saman um að rífa þessar veiðivjelar úr ánum, og sem framkvæmdu þessa ályktun sína fyrnefndan dag, og síðan lýstu verkinu opinberlega á hendur sjer, þá getur hann ekki komist hjá að gjalda skaða þann, sem af verkinu hef-ur hlotizt, að svo miklum hluta, sem gagn-áfrýjandi krefst.–

Þegar þá kemur til þess að meta skaða þann, sem leitt hefur af hervirkinu 25. júlímán. 1879, og sem gagnáfrýjandinn, eins og áður segir, hefur talið alls 1289 kr. 24 a., þá ber þess að gæta, að þar sem hjer er full sannað, að framið hefur verið of-beldisverk á eign gagnáfrýjandans, svo að hann hefur beðið tjón af, og að aðaláfrýjand-inn á að bera ábyrgð af þessu tjóni, þá verða ekki heimtaðar hinar fyllstu sannanir af gagnáfrýjandanum fyrir upphæð hvers einstaks liðs í skaðabóta-kröfu hans, heldur aðeins, að hver þeirra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um sig sje eðlileg afleiðing af verkinu, og að upphæð þeirra sje sennileg og sanngjörn, sbr. L. 5-2-88 og opið brjef 28. marz 1800, 2. gr. - Yfirdómurinn verður þannig að vera undir-dómaranum samþykkur um:

1. að kostnaður við að halda 2 varðmenn við veiðivjelar gagnáfrýjanda í Elliðaánum frá því að þær voru rifnar úr 25. júlí 1870 og þangaðtil að hann tók þær algjörlega upp 1. septbr. næst á eptir, sje eðlileg afleiðing af kistubrotinu, og eins og það er alkunnugt, og því ómótmælanlegt, að kostnaður þessi átti sjer stað, eins sje upphæð hans í alla staði sanngjörn;
2. að kostnaðurinn til aðgjörðar á veiðivjelunum og við að setja þær niður aptur sje bein afleiðing af kistubrotinu, og þar sem kostnaður þessi er metinn af 2 óvilhöllum dómkvöddum mönnum, þá hafi gagnáfrýjandinn fært fullnægjandi sönnun fyrir upphæð hans, án þess að það, eins og hjer stendur á, geti komið til greina, þótt aðaláfrýjandinn ekki væri kvaddur til að vera við staddur við skoðunargjörðina, eða þá, er matsmennirnir voru útnefndir í rjettinum.
3. að veiðimissir þá daga, sem liðu frá því að kisturnar voru rifnar upp, og þangaðtil þær voru settar aptur niður í árnar, einnig

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sje bein afleiðing af kistubrotinu, og að gagnáfrýjandanum því einnig beri endurgjald fyrir hann, og þar sem endurgjald þetta er sett eptir meðaltali af því, sem veiðst hafði sömu dagana tvo næstu undanfarandi ár, þá verði ekki eptir atvikum heimtuð frekari sönnun um upphæð þessa.

Að því er loks snertir kröfu gagnáfrýjandans um bætur fyrir rýrnun á lánstrausti, þá verður yfirdómurinn einnig að vera á sama máli og undirdómarinn um það, að gagnáfrýjandanum beri slíkar bætur, því að það er auðljóst, að þegar eins arðsöm eign og laxveiði gagnáfrýjandans í Elliðaánum verður fyrir þráföldum árásum og skemmdum, þá hljóti það að fella hana mjög í verði í augum manna, og af því er aptur eðlileg afleiðing, að lánstraust hans fyrir þá sök hlýtur að rýrna, og því fremur, sem hann er kaupmaður; verður yfirdómurinn einnig að vera því samdóma, að upphæð þessara bóta verði látin vera komin undir mati 2 dómkvaddra óvilhallra manna, er skyn bera á, þó má hún ekki meiri vera en 500 krónur.

Samkvæmt öllu því, sem að framan er talið, ber að staðfesta undirrjettardóminn, einnig að því ákvæði hans um málskostnað snertir, og ber aðaláfrýjandanum samkvæmt þessum úrslitum málsins einnig að endurgjalda gagnáfrýjanda málskostnað fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

yfirdómi, er virdist hæfilega metinn 30 krónur.

Því dæmist rjett ad vera:

Undirrjettardómurinn í máli þessu skal ó-raskad. Í málskostnad fyrir yfirdómi greidi adaláfrýjandinn, Kristinn bóndi Magnússon, gagnáfrýjandanum, kaupmanni H. Th. A. Thomsen, 30 krónur.

Dóminum ad fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans undir adför ad lögum.

Jón Pjetursson.

Rjettinum sagt upp. —

Jón Pjetursson. Magnús Stephensen. L. E. Sveinbjörnsson.

Dómsgjördum þessum til stadfestu er innsigli yfirdómsins og nafn Justitiarii. —

Jón Pjetursson

Borgun:
ritlaun: 5 kr. 25 a.
Stafs. og inns. " 83 a.
= 6 kr. 08 a. = ~~fimm~~ sex krónur 8 aura.

borgad
Sveinbjörnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No 3

Framlagt í fjelagsrjetti: Skiðið og
Galtrúgunglsba að Engey, 26/2 1883
Skiðurstjórn